



# Leikskólinn Sælukot

Ný-húmanískur leikskóli Ananda Marga á Íslandi

## Sælukot Kindergarten

Ananda Marga's Neo-Humanistic Kindergarten in Iceland

# STARFSMANNAHANDBÓK EMPLOYEE HANDBOOK

*Áhersla skyldi lögð á siðræna menntun í skólakerfi okkar og háleitar hugsjónir. Ekki einungis heimspeki og hefðir. Ástundun siðrænna gilda skyldi vera þýðingarmesta námsefnið á námskránni á öllum skólastigum. Barnið skyldi vakið til alheimslegrar vitundar. Kurteisisvenjur og fágúð framkoma eru ekki nóg.*

*Raunveruleg menntun leiðir til djúprar tilfinningar elsku og samkenndar með öllu sköpunarverkinu. SÁ VIDYÁ YÁ VIMUKTAYE – Menntun er það sem frelsar*

P.R. Sarkar

*Emphasis should be placed on moral education in our school system and lofty ideals. Not only philosophy and tradition. The practice of moral values should be the most important subject in the curriculum at all school levels. The child should be awakened to universal awareness. Politeness and refined manners are not enough.*

*True education leads to a deep sense of love and empathy with all of creation.*

*SÁ VIDYÁ YÁ VIMUKTAYE – Education is what liberates*

PR Sarkar





Leikskólinn Sælukot:

Aukin og endurbætt útgáfa í ágúst 2025

Sælukot Kindergarten:

Enhanced and improved version in August 2025

## Til athugunar um orðalag:

Í þessum texta er gengið út frá því að í samskiptum sínum við börnin séu allir starfsmenn leikskólans kennarar þeirra. Þess vegna sé rétt að nefna starfsmenn eftir því meginhlutverki þeirra að vera kennarar barnanna. Þegar við á eru starfsmenn þó nefndir eftir sértækum öðrum hlutverkum sínum, svo sem „matráður“, „leikskólastjóri“ „rekstrarstjóri“, „deildarstjóri“. Þegar síðan er vísað til starfsmanna með fornafni, þá er málfræðilegu kyni orðsins haldið, „hann“ starfsmaðurinn, kennarinn, leikskólastjórinn, rekstrarstjórinn, þótt í reynd séu það oftast konur sem eru þessir starfsmenn. Þegar vísað er til barns með fornafni þá er tekið tillit til mögulegs kyns þess með því að skrifa „hann eða hún“, eða „hans eða hennar“.

Vísað er til forráðamanna barnanna í leikskólanum sem „foreldra“ þeirra, þótt það eigi í einhverjum tilvikum ekki við. Það er gert til að textinn renni betur en þegar alltaf væri skrifað „foreldrar eða aðrir forráðamenn/forsjáraðilar“. Eins væri dálítið skýrtið að kalla foreldrana alltaf „forráðamenn“ eða „forsjáraðila“, nema í einhverju lögfræðilegu samhengi, vegna þess að foreldri, og nánar til tekið mamma eða pabbi eða mamma og mamma o.s.frv., er talsvert meira en að vera „forráðamaður/forsjáraðili“ barns í samskiptum þeirra við leikskólann.

## **Note on wording**

In this text, it is assumed that in their interactions with the children, all the employees of the kindergarten are their teachers. That is why it is right to name employees according to their main role of being the children's teachers. When appropriate, however, employees are named according to their specific other roles, such as 'cook', 'kindergarten principal', 'kindergarten manager', 'department manager'. When employees are referred to by a pronoun, the grammatical gender of the word (in Icelandic) is maintained, 'he', the employee, the teacher, the kindergarten principal, the kindergarten manager, although in practice these persons are in most cases women. When referring to the children by a pronoun, their possible gender is taken into account by writing 'he or she' or 'his or her.'

The guardians of the children in the kindergarten are referred to as their 'parents', although in some cases it does not apply. This is done to make the text flow better than when it was always written 'parents or other guardians/custodians'. Also, it would be a bit strange to always call the parents 'guardians' of their children, except in some legal context, because a parent, and more specifically mom or dad or mom and mom, etc., is a lot more than being a child's 'guardian' in their relationship with the preschool.

## Inngangur

Tilgangurinn með gerð starfsmannahandbókar Leikskólans Sælukots er að setja í heildstæðan, skipulegan texta það sem starfsmönnum hans kann að gagnast til að leysa það hlutverk sitt farsælega af hendi að vera kennarar barnanna. Með þessum orðum er vissulega ekki gefið í skyn að með þessum texta, þótt langur sé, verði öllu því komið til skila sem kennari þarf að vita til að geta rækt starf sitt fullkomlega. Ennþá síður, að við lestur hans verði kennari fullnuma í því krefjandi starfi, sem það er að annast lítil börn, með vellíðan, velferð, þroska og menntun þeirra að leiðarljósi. Hvað sem þessum texta líður, þá tekur viðfangsefni hvers kennara, að þjóna börnunum í nútíð og fyrir framtíð þeirra, til allrar þeirrar reynslu, þekkingar, færni, persónuleika og lífsviðhorfa sem hann tekur með sér í inn í leikskólann og ræktar þar jafnt sem utan hans í persónulegu lífi sínu.

Í gerð starfsmannahandbókar Leikskólans Sælukots er reynt að fylgja þeirri hugsun, að með henni sé hverjum kennara veitt nauðsynleg grunnleiðsögn í þeim viðfangsefnum sem hann mun þó ætíð inna af hendi með sínum persónulega hætti. Slík leiðsögn verður ekki gerð eingöngu með atriðalistum, hversu ítarlegir sem þeir kunna að vera. Leikskólastarf á sér stað í framvindu margvíslegra athafna sem vissulega er gagnlegt að lýsa og raða í atriðalista. En leikskólastarf krefst um leið hugsunar kennaranna og þeirrar dómgreindar sem þeir búa yfir. Án þess að þessari handbók sé ætlað að vera fræðileg, þá er að finna í henni nokkra hugsun um leikskólastarfið, tilgang þess og markmið og hvaða helstu sjónarmið ráða um þá tilveru sem Leikskólinn Sælukot var stofnaður til að veita börnum. Þessi texti handbókarinnar langt í frá tæmandi um þá hugsun, en honum er þó ætlað að vekja lesandann til hans eigin umhugsunar um starfið um leið og hann nýtir sér þær upplýsingar sem textinn miðlar.

Börnin lifa lífi sínu í leikskólanum í nánnum samskiptum og kynnum hvert við annað og við kennara leikskólans. Börnin hafa líka samskipti við aðra, sem eiga þátt í að skapa umgjörð og aðstæður fyrir starfseminu í heild, leikskólastjórnann, rekstrarstjóra leikskólans, skrifstofustjóra, matráð, leiðbeinendur og eftirlitsfulltrúa frá sveitarfélaginu og margvíslega aðra þjónustuaðila sem koma að starfsemi hans. Samskipti alls þessa fólks og barnanna, en ekki síður milli þessa fólks innbyrðis, eru afdrifarík fyrir þetta endanlega markmið alls starfsins, að veita börnunum gott líf í nútíð þeirra og fyrir framtíð þeirra.

Í þessari starfsmannahandbók eru skráðar upplýsingar um markmið leikskólastarfsins og fjallað um þá hugmyndafræði menntunar sem þau byggja á, leikskólastarfið og daglegan gang þess, mannauðsstefnu leikskólans, starfsskyldur kennaranna og réttindi, samskipti við foreldra og fleira og fleira. Allt í þeim tilgangi að allir kennarar leikskólans hafi aðgang að og kynni sér sömu grundvallarupplýsingarnar um starf sitt og starfsemi leikskólans alls.

Áður en lengra er haldið er kannski ráð að taka saman í stuttan atriðalista það sem gott er að hafa í huga um starfið í leikskólanum. Þarna kunna að vera mest sjálfsagðir hlutir og listinn því upprifjun fyrir flestum, en fyrir nýja kennara gæti hann verið góð byrjun á farsælu starfi í Leikskólanum Sælukoti.

## Introduction

The purpose of creating the Sælukot Kindergarten's employee handbook is to put in a coherent, structured text what its employees may find useful in order to successfully fulfill their role of being the children's teachers. With these words, it is certainly not implied that with this text, although it is long, everything that a teacher needs to know in order to be able to do his job perfectly, will be delivered. Even less, that by reading this text, the teacher will be fully informed about the demanding job of taking care of small children, with their well-being, welfare, development and education as a guiding light. Regardless of this text, the task of every teacher, to serve the children in the present and for their future, includes all the experience, knowledge, skills, personality and outlook on life that he takes with him into the kindergarten and cultivates there as well as outside it in his personal life.

In the creation of the Sælukots Kindergarten's employee handbook, an attempt is made to follow the idea that with it each teacher is given the necessary basic guidance in the subjects that he will, however, always handle in his own personal way. Such guidance will not be done by checklists alone, however detailed they may be. Kindergarten work takes place in the course of a variety of activities that are certainly useful to describe and arrange in a list of items. But kindergarten work requires both the teachers' thinking and the judgment they possess. Although this handbook is not intended to be academic, it contains some thoughts about the kindergarten work, its purpose and goals, and the main points of view that govern the existence that the Sælukot Kindergarten was founded to provide for children.

This text of the manual is far from exhaustive about this thought, but it is intended to make the reader think about his or her work while making use of the information conveyed by the text. The children live their lives in the kindergarten in close contact and get to know each other and the teachers of the kindergarten. The children also interact with others, who are involved in creating a framework and conditions for the activities as a whole, the kindergarten principal, the kindergarten manager, the office manager, the cook, instructors and inspection representatives from the municipality and a variety of other service providers involved in its activities. The communication between all these people and the children, but no less between these people internally, is decisive for this final goal of the whole work, to provide the children with a good life in their present and for their future.

In this employee handbook, informations are recorded about the goals of the preschool work and the philosophy of education on which they are based as well as the kindergarten's day-to-day operations, its human resources policy, the teachers' duties and rights, communication with parents and more and more. All for the purpose that all the teachers of the kindergarten have access to and familiarize themselves with the same basic information about their work and the activities of the kindergarten as a whole.

Before going any further, it might be a good idea to summarize in a short list the things that are good to keep in mind about the work in the kindergarten. There may be the most obvious things, and the list is therefore a refresher for most people, but for new teachers it could be a good start to a successful career at Sælukoti Kindergarten.

Leikskólinn er fyrir börnin og barnanna vegna.

Börnin lifa fullgildu lífi í leikskólanum, sem er það sem þau hugsa, gera, segja, vilja, langar til, finnst eitthvað um, hlæja að eða gráta yfir.

Hlutverk leikskólans er að búa börnunum gott eigið líf í nútíð þeirra og fyrir framtíð þeirra.

Það gerir leikskólinn með því að kennararnir hafa ætíð í huga að markmið leikskólans um líðan, þroska og menntun barnanna næst einungis með því að þau sjálf leggja til atorku sína, áhuga, undrun, forvitni, leikgleði, reynslu sína og hugsun, gleði sína og sorgir.

Kennarar sinna því krefjandi og vandasama verkefni að veita börnunum sem best skilyrði til að tjá lífsorku sína í öllum hennar tilbrigðum um leið og þeir beina þeirri tjáningu inn á farsælar brautir fyrir velferð þeirra í nútíð og framtíð.

Þetta hlutverk sitt rækja kennarar í beinum samskiptum við börnin, en líka í öllu því sem gerir þau samskipti heilladrjúg fyrir bæði börn og kennarana sjálfa.

**Til þess að svo megi verða er gott að hafa í huga nokkara jákvæðar starfsvenjur:**

að vera stundvís og reglusamur;

að taka ábyrgð á starfi sínu;

að kynna sig fyrir foreldrum barnanna;

að þekkja skipulag leikskólans;

að virða trúnað við börn, foreldra og starfsmenn og þau þagnarheit sem því fylgja;

að gæta að því sem maður segir þegar börn heyra til;

að vera minnugur þess að það tekur börn ætíð tíma að breyta um venjur sínar og hátterni;

að hlusta ætíð á mál barnanna af áhuga og skilningi, líka þegar það kallar á leiðréttingu;

að vera vakandi um líkamlegar þarfir hvers barns og sinna þeim af góðvild;

að hrósa börnunum málefnalega svo þau viti fyrir hvað þau verðskulda hrósið;

að hafa í huga að þú ert barninu fyrirmynd;

að vera hver öðru hjálpleg í starfi;

að vera minnugur þess að samhliða skýrri verkaskiptingu eru markmið starfsins sameiginleg;



The kindergarten is for the children and because of the children.

The children lead full-fledged lives in the kindergarten, which is what they think, do, say, want, desire, feel something about, laugh at or cry about.

The mission of the kindergarten is to give the children a good life in their present and for their future.

The kindergarten does this by the teachers always keeping in mind that the kindergarten's goals for the well-being, development and education of the children can only be achieved by the children themselves contributing their energy, interest, wonder, curiosity, playfulness, their experience and thinking, their joy and sorrows.

Teachers therefore carry out the demanding and difficult task of providing the children with the best possible conditions to express their life energy in all its variations, while directing that expression into successful paths for their well-being in the present and future.

Teachers fulfill this role in direct communication with the children, but also in everything that makes that communication fortunate for both the children and the teachers themselves.

**In order for this to happen, it is good to keep in mind some positive work habits:**

to be punctual and orderly;

to take responsibility for one's work;

to introduce oneself to the children's parents;

to know the structure of the kindergarten;

to respect confidentiality with children, parents and employees and the confidentiality obligations that follow;

to be careful what one says when children are involved;

to be mindful that it always takes time for children to change their habits and mannerisms;

to always listen to the children's speech with interest and understanding, also when it calls for correction;

to be aware of the physical needs of each child and take care of them with kindness;

to praise the children objectively so that they know what they deserve the praise for;

to bear in mind that you are a role model for the child;

to be helpful to each other at work;

to be mindful that, along with a clear division of labor, the goals of the work are common;

að safna ekki upp vandamálum eða árekstrum, vinna að lausn þeirra strax og af góðvild;

að vera fús að spyrja og leita ráða og upplýsa og ráðleggja af góðvild;

að hafa í huga og njóta þess að hver starfsmaður kemur óhjákvæmilega með allan sinn persónuleika til starfsins, ekki bara vinnuframlag.

Þessi atriðalisti gæti verið lengri, en af því að hann mun ekki koma í stað heilbrigðrar dómgreindar, hversu langur sem hann yrði, þá er skynsamlegt að láta hér staðar numið en lesa áfram til þess að styrkja þá dómgreind með auknu innsæi sínu í starfið.

## 1. Leikskólinn Sælukot

Leikskólinn Sælukot stendur við Þorragötu 1 í Reykjavík. Hann tekur á móti börnum frá 12 mánaða aldri til grunnskólaaldurs. Í leikskólanum dvelja að jafnaði yfir 70 börn. Í þessum texta er vísað til skiptingar hans í deildir eftir aldri barnanna; ungbarnadeild, yngri deild, miðdeild og eldri deild.

Leikskólinn Sælukot er einn þeirra ný-húmanísku leik- og grunnskóla sem hófu starfsemi sína í Evrópu í lok 8. áratugar síðust aldar. Hann var stofnaður af Didi Ananda Sukrti með hjálp foreldra ungbarna og félagar í Ananda Marga sem aðhylltust þá heimspeki og þá menntunarfræði sem hann var reistur á.

Ný-húmanismi stendur fyrir ástundun ástar og virðingar fyrir öllu sköpunarverkinu, mönnum, dýrum, plöntum og lífvana veruleika. Ný-húmanismi er samstillt blanda af austrænni, innhverfri heimspeki og vestrænni, úthverfri vísindahyggju og heimssýn. Í leikskólastarfi birtist þetta í því, að börnin sækja sér innri frið, innblástur og djúpa og víðfeðma sjálfskennd í innri vitund sína með jóga og hugleiðslu við þeirra hæfi, en eru um leið virk, athugul, starfssöm og forvitin um ytri veruleika sköpunarverksins, sem þau rækta elskufulla samkennd með. Ný-húmanismi, sem leiðarljós í leikskólastarfi, er sveigjanlegur í framkvæmd, skapandi og tillitssamur gagnvart ríkjandi menningu. Það gerir honum kleift að aðlagast mismunandi menningu þjóða og samfélaga og staðbundnum aðstæðum.

## 2. Ný-húmanismi í menntun

Alheimsleg mannleg megingildi eru undirstaðan að ný-húmanískri menntun. Gott siðferði mótar hjá börnum persónuleika sem er í tilfinningalegu jafnvægi, hefur sjálfstraust, er vel aðlagður aðstæðum, er glöggskyggn, fær um að eiga ánægjuleg samskipti og tengsl við aðra og tekur félagslega ábyrgð.

Alheimsleg mannleg megingildi, sem miða að því að skapa hjá börnum hugrænt jafnvægi, fela í sér lífsreglur um félagslega tilveru manna (Yama) og lífsreglur um persónulega tilveru þeirra (Niyama).

**Yama:** Að gera ekki mein, stunda góðviljaða sannsögli, stela ekki, lifa einföldu lífi, elska allt sem er.

**Niyama:** Vera hreinlátur, vera nægjusamur, þjóna öðrum, leita sér háleitrar þekkingar og hugðarefna, þekkja sjálfan sig, hugleiða.

not accumulating problems or conflicts, working to solve them immediately and kindly;

to be willing to ask and seek advice and inform and advise with kindness;

to keep in mind and enjoy the fact that each employee inevitably brings their whole personality to the job, not just a work contribution.

This list of items could be longer, but since it will not replace sound judgment, however long it may be, it is wise to stop here and read on to strengthen that judgment with your increased insight into the job.

## **1. Sælukot Kindergarten**

The Sælukot kindergarten is located at Þorragata 1 in Reykjavík. It welcomes children from the age of 12 months to primary school age. The kindergarten usually has over 70 children. This text refers to its division into departments according to the age of the children; infant department, junior department, middle department and senior department.

The Sælukot Kindergarten is one of the Neo-Humanist kindergartens and elementary schools that started their activities in Europe at the end of the 1970s. It was founded by Didi Ananda Sukrti with the help of parents of infants and fellow members of Ananda Marga who embraced the philosophy and pedagogy upon which it was founded.

Neo-Humanism stands for the practice of love and respect for all creation, humans, animals, plants and inanimate reality. Neo-Humanism is a harmonious blend of Eastern, introverted philosophy and Western, extroverted scientism and worldview. In preschool work, this manifests itself in the fact that the children find inner peace, inspiration and a deep and expansive sense of self in their inner awareness through yoga and meditation suitable for them, but are at the same time active, observant, diligent and curious about the external reality of the Creation, which they cultivate loving empathy with. Neo-Humanism, as a guiding light in kindergarten work, is flexible in practice, creative and considerate towards the dominant culture. It enables him to adapt to different cultures of nations and communities and to local conditions.

## **2. Neo-Humanism in education**

Universal human values are the basis of Neo-Humanistic education. Good morals shape in children a personality that is emotionally balanced, has self-confidence, is well adapted to situations, is clairvoyant, able to have pleasant communication and relationships with others and takes social responsibility.

Universal human core values, which aim to create mental balance in children, include life rules for people's social existence (Yama) and life rules for their personal existence (Niyama).

**Yama:** Do no harm, practice benevolent truthfulness, do not steal, live a simple life, love all that is.

**Niyama:** Being chaste, being content, serving others, seeking higher knowledge and thoughts, knowing oneself, meditating.

Ástundun þessara lífsreglna og þeirra gilda sem þær helgast af ristir mun dýpra en að fylgja boðum og bönnum. Hún leiðir okkur til elsku okkar á og samkenndar með öllu sköpunarverkinu.

### **3. Markmið og hugsjónir Ný-húmanisma í leikskólastarfi**

1. Að hvert barn menntist og þroskist til síns ýtrasta, líkamlega, hugrænt og andlega.
2. Að hjá hverju barni vakni löngun til þekkingar og gleði til náms.
3. Að hvert barn öðlist getu til áframhaldandi náms á hærri skólastigum.
4. Að hvert barn þroskist að siðferði, heilsteyptum persónuleika, sjálfstrausti og félagsfærni.
5. Að hvert barn þroski líkamlega, hugræna og andlega eiginleika sína með íþróttum, leik, námi, jóga og hugleiðslu.
6. Að hvert barn þroski með ástundun myndlistar, dans, leiklistar og tónlistar fegurðarskyn sitt og mætur sínar á listmenningu
7. Að hvert barn fái hvatningu til að verða ábyrgur og virkur þjóðfélagsþegn.
8. Að hvert barn þroski næmni sína fyrir lífríkinu, skilning sinn á tengslum alls í ríki náttúru og mannlífs á jörðinni og að því vaxi virðing og umhyggja fyrir öllum lifandi og lífvana verum.
9. Að hvert barn öðlist alheimslega sjálfsvitund.

### **4. Mannauðsstefna Leikskólans Sælukots**

Leikskólinn Sælukot hefur að markmiði að hver starfsmaður vaxi að þekkingu og færni í starfi sínu og eflist persónulega af starfsreynslu sinni. Leikskólinn reynir að ráða til starfa fólk sem hefur lagt á sig að læra sérstaklega til kennarastarfsins og þeir sem hafa fagleg réttindi sem leikskólakennarar hafa forgang um starf við leikskólann. Aðrir eru líka hjartanlega velkomnir til starfa, þar sem við ráðningu er horft til allrar menntunar sem þeir hafa stundað og gæti nýst þeim í starfinu, starfsreynslu þeirra og áforma með starfinu, það síðasta í því augnamiði að fá til starfa þá sem kjósa að sinna því fremur lengur en skemur.

Leikskólinn Sælukot hefur mótað mannauðsstefnu sem miðar að því að kennarar hans njóti framgangs og bættra kjara umfram gildandi lágmarkstaxta með því að taka þátt í símenntunarverkefnum innan og utan leikskólans. Þessi verkefni miða að því að styrkja kennarana í starfi sínu með sérstakri áherslu á þá ný-húmanísku menntastefnu, sem Leikskólinn Sælukot byggir sérstöðu sína á. Leikskólinn er skuldbundinn foreldrum, sem velja börnum sínum dvöl í honum, um að efla í hugsun og framkvæmd ný-húmaníska menntastefnu sína.

Leikskólinn er um leið skuldbundinn sveitarfélaginu Reykjavíkurborg það sama, en borgin hefur gert þjónustusamninga við leikskólann með það að markmiði að auka fjölbreytileika í framboði á leikskólamenntun barna í Reykjavík.

Practice of these life rules and the values they enshrine is much deeper than following commandments and prohibitions. It leads us to our love of and empathy with all of creation.

### **3. Goals and ideals of Neo-Humanism in kindergarten work**

1. That every child is educated and develops to the fullest, physically, mentally and spiritually.
2. That each child awakens a desire for knowledge and a joy for learning.
3. That every child acquires the ability to continue learning at higher school levels.
4. That every child develops morals, solid personality, self-confidence and social skills.
5. That every child develops their physical, mental and spiritual qualities through sports, play, study, yoga and meditation.
6. That every child develops their sense of beauty and their liking for artistic culture through the practice of art, dance, drama and music
7. That every child is encouraged to become a responsible and active member of society.
8. That every child develops their sensitivity to the living world, their understanding of the relationship between everything in the realm of nature and human life on earth, and that respect and care for all living and non-living beings grow.
9. That every child acquires a universal self-awareness.

### **4. Sælukot Kindergarten's Human Resources Policy**

Sælukot Kindergarten's goal is for each employee to grow in knowledge and skills in their work and to grow personally from their work experience. The kindergarten tries to hire people who have studied specifically for the teaching profession and those who have the professional qualifications that kindergarten teachers have priority for working at the preschool. Others are also warmly welcome to work, since when hiring them the kindergarten looks at all the education they have pursued and could be useful to them in the job, their work experience and plans for the job, the last with the aim of recruiting those who choose to do it rather longer than less.

The Sælukot Kindergarten has formulated a human resources policy that aims for its teachers to enjoy advancement and improved wages above the current minimum rate by participating in lifelong learning projects inside and outside the kindergarten. These projects aim to strengthen the teachers in their work with a special focus on the Neo-Humanist educational policy, on which Sælukot Kindergarten bases its uniqueness. The kindergarten is committed to the parents, who choose to have their children stay there, to promote the thinking and implementation of its Neo-Humanistic educational policy.

At the same time, the kindergarten is committed to the municipality of Reykjavík, but the city has entered into service agreements with the kindergarten with the aim of increasing the diversity in the supply of preschool education for children in Reykjavík.

Leikskólinn Sælukot fagnar fjölbreytileika mannlífs og vill með sínum hætti stuðla að honum. Þess vegna hvetur leikskólinn í þessum texta og með leiðsögn forráðamanna hans alla kennarana til að virða persónu og persónuleika hver annars og leitast við að gera að auðlind fyrir góð samskipti það sem kann að virðast hindra þau í fyrstu, minnugir þess að mannkynið er í öllum sínum fjölbreytileika eitt og að sama hjarta slær í brjósti okkar allra.

Allir kennarar leikskólans eiga rétt á leiðsögn og hjálp hver frá öðrum í starfi. Þeir eiga sömuleiðis skilið stuðning, beri þeir upp við aðra persónulega erfiðleika. Á móti kemur að kennarar séu opnir fyrir stuðningi og leiðsögn enda sé hún góðviljug og málefnaleg.

## **5. Hagnýtar upplýsingar**

### **5.1 Opnunartími**

Leikskólinn Sælukot er opinn börnunum frá kl. 7.45 til 16.45 alla virka daga. Boðið er upp á að börnin dvelji lengst 8,5 klukkutíma á dag í leiksólanum, en því ekki lengur en samtals 42,5 klukkustundir á viku.

### **5.2 Sumarlokun**

Leikskólinn Sælukot er lokaður í 4 vikur í júlí- og ágústmánuði. Leikskólinn er lokaður á opinberum frídögum, en líka á aðfangadag og gamlársgang.

### **5.3 Skipulagsdagar**

Skipulagsdagar eru einn heill dagur í byrjun leikskólaárs og 10 hálfir dagar í lok hvers mánaðar eftir það. Þessir dagar eru nýttir til að skipuleggja faglegt starf, undirbúa foreldraviðtöl og til náms og þjálfunar kennaranna. Börnin koma ekki í leikskólann á skipulagsdögum.

## **6. Leikskólastarfið**

Við þekkjum vel að endurtekning athafna eða aðstæðna horfir öðru vísi við börnum en fullorðnum. Þótt daglegt líf barnanna í Leikskólanum Sælukoti sé í allföstum skorðum og athafnir, sem helgast af náttúrulegum þörfum þeirra, séu endurtekningarsamar, að borða, sofa, (þau yngri), hvílast, fara á salernið, þá eru jafnvel þær nýjar fyrir börnunum þegar þær gerast. Það helgast af því að börn hafa þann hæfileika að upplifa í hverju augnabliki, sem þau lifa, nýja reynslu af veröldinni. Því ber ætíð að sinna þessum þörfum barnanna sem merkingarríkum athöfnum í lífi þeirra. Með aldri taka þó aðrar athafnir fram úr þeim fyrri að merkingu fyrir börnunum. Þá gildir að þau hafi öðlast færni í að framkvæma á skilvirkan hátt þessar nauðsynlegu athafnir í daglegu lífi sínu til þess að geta beint athygli sinni og atorku að nýjum viðfangsefnum. Þetta gildir af sjálfu sér um allar athafnir dagsins, við skyldum taka endurtekinn leik þeirra alvarlega en vera vakandi yfir því að hann fái að þróast í takt við þroska þeirra og aukna færni.

Sælukot Kindergarten celebrates the diversity of human life and wants to contribute to it in its own way. Therefore, the kindergarten in this text and with the guidance of its guardians encourages all the teachers to respect each other's person and personality and strive to make into a resource for good relations what may seem to hinder them at first, remembering that humanity is in all its diversity one and that the same heart beats in the chest of all of us.

All kindergarten teachers have the right to guidance and help from each other in their work. They also deserve support if they are dealing with some personal difficulties. On the other hand, teachers are open to support and guidance as long as it is kind and objective.

## **5. Practical information**

### **5.1 Opening hours**

The Sælukot kindergarten is open to the children from 7.45 a.m. to 4.45 p.m. every weekday. It is recommended that the children spend not more than 8.5 hours a day in the kindergarten and therefore no longer than a total of 42.5 hours a week.

### **5.2 Summer closure**

Sælukot Kindergarten is closed for 4 weeks in July and August. The kindergarten is closed on public holidays, but also on Christmas Day and New Year's Day.

### **5.3 Planning days**

Planning days are one full day at the beginning of the kindergarten year and 10 half days at the end of each month thereafter. These days are used to organize professional work, prepare parent interviews and for the study and training of the teachers. The children do not come to the kindergarten on scheduled planning days.

## **6. The kindergarten work**

We know well that the repetition of actions or situations is different for children than for adults. Although the daily life of the children at the Sælukoti Kindergarten is well organised and activities, which are based on their natural needs, are repetitive, eating, sleeping (the younger ones), resting, going to the toilet, even these are new to the children when they happen. It is sanctified by the fact that children have the ability to experience new experiences of the world in every moment they live. Therefore, these children's needs should always be taken care of as meaningful activities in their lives. With age, however, other activities take over the previous ones in terms of meaning for the children. It is also important that they have acquired the skills to efficiently perform these necessary activities in their daily lives in order to be able to direct their attention and energy to new subjects. This applies naturally to all the activities of the day, we should take their repeated play seriously but be vigilant that it is allowed to develop in line with their development and increased skills.

Gott er að hafa í huga um leik barnanna að þau leika sér af mun fjölbreytilegri ástæðum en bara þeim sem okkur er kannski tamt að halda, að þeim finnist það „gaman“. Leikur þeirra er ekki afþreying fyrir þeim heldur margbrotin, merkingarbær og mjög þýðingarmikil athöfn og með endurtekningu getur hann þróast í sannkölluð sviðsverk, þar sem einfaldir leikmunir og yfirlætislausar athafnir fá táknræna merkingu með tilvísun í það daglega líf sem þau þekkja, en ekki síður tilvísun í heim bókmennta, kvikmynda og flökkusagna. Einn daginn getur slíkur frjáls leikur þó tekið enda, líkt og börnin séu búin að fá út úr honum það sem þau vilja. Þá er gott að vera vakandi yfir tilraunum þeirra til að byrja á nýjum leik með nýjum sviðsmyndum og nýjum tilvísunum.

Endurtekningum fylgir öryggiskennd og tilhlökkun og af þessu öllu er jákvætt, barnanna vegna, en ekki bara vegna kennaranna, að hafa dagskipulag í tiltöllega föstum skorðum um leið og það veitir svigrúm fyrir nýja upplifun barnanna af því „sama“ og fær þau til að ná með æfingu valdi á fyrirliggjandi viðfangsefnum sínum. Um leið og það tekst, þá opnast þeim leið að nýjum og meira krefjandi viðfangsefnum. Það gerist í frjálsum leik, eins og áðan var vikið að, ef hann nær með hagstæðum aðstæðum og réttum stuðningi að þróast. Gott daglegt skipulag stuðlar líka að því að hægt sé að haga viðfangsefnum barnanna þannig að þau fylgi eftir getu þeirra og þroska og séu í þeim skilningi menntandi.

Hver dagur fylgir þannig fyrirframákveðnu skipulagi, sem er tímasett með stundarskrá. Það þýðir alls ekki, að ekki sé svigrúm fyrir staka atburði eða staka daga með sérstakri dagskrá. Þvert á móti gerir fast dagskipulag starfsfólkinu mögulegt að bregða út af því, bæði „óskipulega“ vegna t.d. óvenjulegs veðurs eða annarra atburða í náttúrunni, og „skipulega“ með árstíðabundnum atburðum á borð við jólaundirbúning eða vorferðir út í sveit. Markmiðið er að dagskipulagið geri mögulegt að auðga líf barnanna af þroskandi og menntandi reynslu við öruggar, ástríkar en örvandi aðstæður.

### **6.1 Móttaka að morgni**

Börn verða kennurum mjög kær við kynni. Það kemur því yfirleitt af sjálfu sér að kennarar fagna þeim við komu þeirra að morgni, en þó er gott að hafa í huga að þessar móttökur kunna að vera barninu mikilvægari einn daginn en annan. Því er best að kennarar móti sér háttbundnar móttökur á börnunum, heilsa þeim fyrst með nafni og hlýrri, fagnandi framkomu og foreldrum þess eða fylgdarmönnum síðan af alúð og með virðingu. Þarna er tækifæri, jafnt og við lok skóladagsins, að skiptast á upplýsingum sem varða barnið og að sýna aðstandendum þess stuðning og uppörvun í hlutverki þeirra fyrir barnið.

Kennari skráir barnið, skráir niður mikilvæg skilaboð eða upplýsingar um barnið, kemur þeim til skila til réttara aðila og sér um að barnið fari á sinn rétta stað.

### **6.2 Viðveruskráning**

Kennari merkir við komu barnanna, eins og áður sagði, og brottför líka með tímasetningu. Þessi skráning er mikilvæg af mörgum ástæðum. Í fyrsta lagi gefur hún yfirsýn yfir fjölda barna á leikskólanum hverju sinni og hjálpar til við að dreifa álagi kennara með sem bestum hætti.



It's good to keep in mind about children's play that they play for much more diverse reasons than just the one we might be used to think, that they play for the 'fun' of it. Their play is not entertainment for them, but a complex, meaningful and highly important activity, and through repetition it can develop into true stage works, where simple props and unassuming actions take on symbolic meaning with reference to the everyday life they know, but no less with reference to the world of literature, film and wanderlust. One day, however, such free play may come to an end, just as the children have gotten what they want out of it. Then it's good to be aware of their attempts to start a new game with new scenarios and new references.

Repetition is accompanied by a sense of security and anticipation, and from all of this it is positive, for the sake of the children, and not only for the sake of the teachers, to have a daily schedule relatively fixed, while it provides scope for the children's new experience of the 'same' and makes them achieve by exercising authority over their existing subjects. As soon as they succeed, the way is opened for them to new and more challenging tasks. It happens in free play, as mentioned earlier, if it is able to develop with favorable conditions and the right support. A good daily plan also contributes to the fact that the children's subjects can be arranged so that they follow their abilities and development and are, in that sense, educational.

Each day thus follows a predetermined plan, which is timed with a timetable. That does not mean at all, that there is no room for single events or single days with a special program. On the contrary, a fixed daily schedule makes it possible for the staff to act out of it, both 'chaotically' due to, for example, unusual weather or other events in nature, and 'orderly' with seasonal events such as preparing for Christmas or spring trips to the countryside. The aim is that the daily schedule makes it possible to enrich the children's lives with meaningful and educational experiences in safe, loving but stimulating conditions.

### **6.1 Reception in the morning**

Children become very dear to their teachers so it therefore usually comes naturally that teachers welcome them upon their arrival in the morning. But it is good to keep in mind that these receptions may be more important to the child one day than another. Therefore, it is best for teachers to welcome the children politely, greeting them first by name and with a warm, welcoming demeanor, and then their parents or companions with care and respect. There is an opportunity, as well as at the end of the school day, to exchange information concerning the child and to show the relatives support and encouragement in their role for the child.

The teacher registers the child, writes down important messages or information about the child, delivers them to the right people and makes sure that the child goes to the right place.

### **6.2 Attendance registration**

An employee marks the arrival of the children, as mentioned before, and also the departure with timing. This registration is important for many reasons. First of all, it gives an overview of the number of children in the kindergarten at any given time and helps distribute the staff's workload in the best possible way.

Eins ef eitthvað hendir á borð við eldsvoða eða jarðskjálfta, sem krefst rýmingar leikskólans, að vita hvaða börn voru til staðar. Enn fremur ef ástæða verður til að skoða viðveru barns í leikskólanum aftur í tímann

### **6.3 Að kveðja barn í lok leikskóladagsins**

Kennari kveður barnið með hlýju og þökkum fyrir góðan dag og tilhlökkun til endurfunda. Aldrei að láta barn finna fyrir neinu neikvæðu, allra síst að láta það finna að beðið sé eftir að það verði sótt ef það gerist of seint. Verði endurtekin brögð að því að barnið sé sótt of seint er leikskólastjóri látinn vita og hann eða starfsmaður í umboði hans ræðir aðstæður foreldra með lausn að markmiði.

### **6.4 Börnin og fatnaður þeirra**

Fatnaður og umgengni barns við klæðnað sinn er eitt af mikilvægustu námsleiðum þess og taka til mun fleiri vitundar- og færnisviða en við gætum ímyndað okkur að lítt hugsuðu máli. Að klæða sig er litlu barni iðulega ofvaxið viðfangsefni sem það þó reynir að jafnaði að leysa sjálft. Foreldrar þekkja vel þessa spennuþrungnu stund þegar klukkan gengur, vinnan kallar, umferðarþunginn er að aukast, en barnið tekur sér allan heimsins tíma til sjálft að reyna að fara í fötin sín.

Þegar börnin klæða sig til útivistar opnast kjörið tækifæri til náms og þroska sem kennarar skyldu taka fagnandi. Best er að sá áhugi, sem börn að jafnaði hafa á að klæða sig sjálf, fái að njóta sín eftir föngum. Með því auka þau hreyfigetu sína, líkamsvitund, jafnvægisskyn, þolgæði og með sigrum sínum í glímunni við sokka, pollagalla, stígvél og vettlinga eykst þeim sjálfstraust og sigurvilji. En tíminn er ekki ótakmarkaður og börnin þurfa líka að eiga sem lengsta stund úti, þannig að kennarinn verður að þræða þann vandasama milliveg að hjálpa barninu án þess að gera það hjálpar þurfi að eigin álit! Þeir geta líka beitt því bragði, sem foreldrar þekkja vel, að vekja tilhlökkun hjá barninu að komast út. Þá verður síður togstreita milli barns og kennara vegna tíma, barnið reynir hvað það getur að klæða sig og þiggur þá aðstoð sem það telur nauðsynlega án þess að því fylgi tilfinning eða túlkun um uppgjöf eða hjálparleysi.

Þessi kafli í dagskipulaginu, að klæða sig í útifötin, gefur tækifæri til samræðna um föt eða hvað annað sem ber á góma. Það er þekkt í leikskólastarfi og á heimilum fólks líka, að við þessar aðstæður verða börn gjarnan ræðin um heima og geima. Kennarar ættu eindregið að notfæra sér það til að auka orðaforða barnanna og málskilning og getu þeirra og vilja til að tjá sig um tilfallandi málefni, oft á tíðum alls ótengd því sem er að gerast í lífi þeirra hér og nú. Síðan má ekki gleyma, að þarna vex börnunum þekking á fötum og dómgreind um fataval með tilliti til veðurs.

En að lokum má heldur ekki gleyma því, eins og áður er vikið að, að börnin þarfnast þess í lífinu að ná góðum og skjótum tókum á að klæða sig úr og í til þess að geta helgað krafta sína og tíma nýjum, krefjandi viðfangsefnum.

Þetta má draga saman í eftirfarandi minnisatriði:

Like if something happens, such as a fire or an earthquake, which requires the evacuation of the kindergarten, to know which children were present. Furthermore, if there is a reason to look back at a child's presence in kindergarten.

### **6.3 Saying goodbye to a child at the end of the kindergarten day**

The teacher says goodbye to the child with warmth and thanks for a good day and looking forward to meeting again. Never make a child feel anything negative, least of all make them feel that the teacher or the teachers are waiting for the child to be picked up if it happens too late. If there are repeated cases of to late pick up of the child, the kindergarten principal is notified and he or an employee on his behalf discusses the parents' situation with the goal of a solution.

### **6.4 Children and their clothing**

Clothing and a child's interaction with their clothing is one of their most important ways of learning and involves many more areas of awareness and skills than we could imagine at first glance. Getting dressed is often an overgrown subject for a small child, but he usually tries to solve it him- or herself. Parents know well that tense moment when the clock is ticking, work calls, the traffic is increasing, but the child takes all the time in the world to try to put on his or her clothes.

When the children get dressed for outdoor activities, an ideal opportunity for learning and development opens up, which teachers should welcome. It is best that the interest the children normally have in dressing themselves is allowed to be converted in acts. By dressing them selves, the children increase their mobility, body awareness, sense of balance, endurance, and with their victories in the struggle with socks, clogs, boots and mittens, their confidence and will to win increases. But the time is not unlimited and the children also need to have as much time outside as possible, so the teachers have to tread the difficult middle ground of helping the child without making it necessary to help by the child's own opinion! They can also use the trick, which parents know well, to make the child look forward to going outside. Then there will be less tension between the child and the teacher because of time, the child tries his or her best to dress and accepts the help he or she considers necessary without the feeling or interpretation of a surrender or helplessness.

This part of the day's planning, dressing in outdoor clothes, provides an opportunity for conversations about clothes or anything else. It is known in kindergarten work and in people's homes as well, that in these conditions children like to talk a lot about about the most divers subjects. Teachers should strongly take advantage of it to increase the children's vocabulary and language comprehension and their ability and willingness to express themselves about random issues, often completely unrelated to what is happening in their lives here and now. Also, don't forget that the children's knowledge of clothes and judgment about choosing clothes with regard to the weather grows here.

But finally, don't forget, as mentioned before, that children need in life to get a good and quick mastery of getting dressed in order to be able to devote their energy and time to new, challenging subjects.

This can be summarized in the following points:

#### 6.4.1 Að klæða sig fyrir útiveru. Minnisblað

Þessi stund, þegar börn klæða sig til útiveru, er mikilvæg kennslustund sem verður því skilvirkari, eins og aðrar kennslustundir, sem börnin leysa viðfangsefnið af hendi með meiri gleði og ánægju. Þá gleði og ánægju skulu þau sækja í viðfangsefnið sjálf, en það má stuðla að því með umgjörð, aðstæðum og atbeina Kennara.

Kennari er því til staðar, virkur og vakandi yfir þessu viðfangsefni barnanna án þess að taka það frá þeim með of mikilli aðstoð.

Eins og við aðrar aðstæður í námi og kennslu er rétt að hafa ekki of mörg börn að klæða sig á sama stað og tíma í einu.

Kennari gætir þess að barnið sé að fullu klætt áður en það fer út, hneppt og reimað það sem hneppt skal og reimað, skálmarnar á pollabuxunum séu yfir stígvélunum og ermarnar á regnkápu eða úlpu yfir vettlingunum. Ætíð þó án þess, eftir föngum, að taka af barninu það sem það vill og getur gert sjálf.

Börnin setji veður og klæðnað sinn í samhengi. Kennari ræðir við þau um veðrið og hvaða útiföt veðrið kallar á, t.d. hvort það kallar á pollagalla, vettlinga eða húfur eða, þvert á móti, léttan klæðnað og þau verði bæði berhöfðuð og berhent í þetta sinn.

Kennari nefni bæði tilbrigði í veðri og einstaka fatnað skýrum orðum.

Þegar börnin koma inn sé þeim leiðbeint um að ganga vel frá fötunum sínum og með þakklæti til þeirra fyrir að halda á þeim hita og verja þau fyrir rigningu, eftir því sem við á.

Kennari skráir niður stöðuna í fötum barnanna og upplýsir eða lætur upplýsa foreldrana um hana ef við á, t.d. ef eitthvað vantar eða þarf að taka með heim til viðgerðar eða þvotta.

## 7. Hreinlæti

Hreinlæti barna felur í sér bæði vettvang náms og námsefni. Hér er tækifæri til að láta ekki tilfallandi venjur okkar úr heimahúsum eða af öðrum uppruna ráða athöfnum okkar umhugsunarlaust. Öll erum við sammála um að börn skuli kunna að meta hreinæti sitt mikils og temji sér góðar hreinlætisvenjur. En í þessu sem öðru er vert að hugleiða hvaða tækifæri felast í þeim leiðum sem farnar yrðu til að ná þeim markmiðum. Það er ekki sama hvort barn temur sér eða temst til hreinlætis við það að óttast óhreinindi eða hafa skömm á sér fyrir þau, eða hugsi um hreinlæti vegna þess að þeim þykir vænt um líkama sinn og vilji hugsa vel um hann og gera honum gott af þakklæti fyrir hvað hann gerir þeim. Það verður ekki gert með einum saman fyrirlestrum eða „predikunum“ og ekki með því að vekja hjá þeim skömm fyrir óhreinindi af einhverju tagi. Það tekst frekar með því að hjálpa þeim að meta til dæmis hendur sínar af þakklæti fyrir það sem þær eru þeim og gera fyrir þau.

#### **6.4.1 Dressing for the outdoors. Memo**

This time, when children get dressed for the outdoors, is an important lesson that becomes more effective, like other lessons, when the children solve the task with more joy and satisfaction. Then joy and satisfaction should be drawn from the subject itself, but it can be promoted by the setting, the situation and the teacher's direction.

The teacher is therefore present, active and alert to this subject of the children without taking it away from them with too much help.

As in other situations in learning and teaching, it is appropriate not to have too many children dressing in the same place and time at once.

The teacher makes sure that the child is fully dressed before going out, buttoning and lacing what needs to be buttoned and laced, the cuffs of the trousers are over the boots and the sleeves of the raincoat or coat over the mittens. Always, however, without taking away from the child what he or she wants and can do him- or herself.

The children put the weather and their clothes in perspective. The teacher talks to them about the weather and what outdoor clothing the weather calls for, for example whether it calls for overalls, mittens or hats or, on the contrary, light clothing and they will be both bareheaded and barehanded this time.

Teacher mentions both variations in the weather and unique clothing in clear words.

When the children come in, they are instructed to take care of their clothes and thank them for keeping them warm and protecting them from rain, as appropriate.

The teacher records the condition of the children's clothes and informs or has the parents informed about it if appropriate, for example if something is missing or needs to be taken home for repair or washing.

## **7. Hygiene**

Children's hygiene includes both a learning environment and learning materials. Here is an opportunity not to let our random habits from home or from other sources dictate our activities without thinking. We all agree that children should appreciate their cleanliness and learn good hygiene habits. But in this as in other things, it is worth considering what opportunities lie in the ways that would be taken to achieve those goals. It does matter whether children tame themselves or are tamed for cleanliness out of fear of dirtiness or being ashamed of it, or they think about cleanliness because they care about their body and want to take good care of it out of gratitude for what he does to them. It will not be done by lectures or 'sermons' alone, and not by shaming them for impurity of any kind. It is more successful by helping them appreciate, for example, their hands with gratitude for what they are to them and what they do for them.

Þetta á ekkert skylt við að ýta undir sjálfsefku barns eða einhvers konar sjálfsdýrkun heldur þakklátt eða elskuríkt hugarfar til alls þess sem líkaminn þeirra gerir svo þau megi njóta þess að sjá og heyra, finna lykt og hvað bangsinn þeirra eða kötturinn heima eru mjúkir, ganga, hlaupa, grípa bolta og faðma systkini sín eða foreldra. Hendur þeirra eiga skilið að vel sé hugsað um þær og þær þvegna af alúð áður en þær eru beðnar um að færa okkur mat í munn við matarborðið.

Auðvitað kemur þetta ekki í veg fyrir að börnunum verði gert að gæta hreinlætis með því að setja þeim reglur og veita þeim leiðsögn um hreinlætisvenjur. Aðeins ber að hafa í huga að hér er tækifæri til mun dýpri menntunar þeirra en virðist í fljótu bragði og að það skiptir máli með hvaða hætti markmiðinu um góðar hreinlætisvenjur þeirra er náð.

### **7.1 Líkamlegt hreinlæti barnanna. Minnisblað**

Að þessu sögðu er auðvitað áriðandi að kennarar gæti þess

að hendur barnanna séu þrífnaðar yfir daginn og sérstaklega eftir salernisferðir, fyrir matmálstíma og að lokinni útivist eða loknum athöfnum sem kalla á handþvott;

upplýsa foreldra um bleyjustöðuna hjá barninu eftir þeim boðleiðum sem notaðar eru;

láta foreldra vita um hvaða krem á bleyjusvæði barnanna eru notuð á leikskólanum og gefa þeim kost á að leggja sitt eigið krem af mörkum ef þeir óska þess;

hafa fasta salernistíma hjá yngstu börnunum en vera vakandi yfir því þegar þau láta vita af því að þau vilji bleyjuskripti eða vilji fara á salernið. Sérstaklega skulu kennarar vera vakandi um að börnin séu ekki með kúk í bleyjunni nema mjög stuttan tíma, sem kallar á að þeir gangi úr skugga um það reglulega;

láta aldrei í ljós neina neikvæða afstöðu til þessara frumþarfa barnanna og birtingarmynda þeirra;

gæta eigin hreinlætis í umönnun sinni við börnin, meðal annars eftir að hafa hjálpað barni á salerni.

## **8. Umgengni við hlutveruleika leikskólans**

Í allri umgengni við hlutveruleikann eru börnin að menntast. Þau öðlast reynslu og þekkingu á hlutunum og aukna getu til athafna sjálf og hjá þeim mótast viðhorf til heimsins og vitund um stöðu sína og hlutverk í honum. Líkt og í allri menntun barnanna skiptir miklu máli hvaða afstöðu þau temja sér til hlutveruleikans. Því meir sem þau umgangast hann af forvitni, undrun, aðdáun og virðingu fyrir tilvist hans, því skarpari verður athygli þeirra og því örari verður sú menntun sem reynsla þeirra af honum skilar þeim.

Kennarar átta sig vitaskuld fljótlega á því, að dagur í lífi barns á leikskólanum skiptist ekki annars vegar í stundir og athafnir til náms og hins vegar í hinar, sem færa þeim ekki menntun. Jafnvel í athöfnum, sem við að jafnaði teljum merkingarlausar og jafnvel til óþurftar, eru börnin að menntast.

This has nothing to do with encouraging a child's selfishness or any kind of self-worship, but rather a grateful or loving attitude towards all that their body does so that they can enjoy seeing and hearing, smelling and how soft their teddy bear or cat at home is, walk, run, catch a ball and hug their siblings or parents. Their hands deserve to be well taken care of and washed with care before they are asked to put food in our mouths at the dinner table.

Of course, this does not prevent the children from being made to take care of hygiene by setting them rules and giving them guidance on hygiene habits. It should only be kept in mind that there is an opportunity for a much deeper education for them than it seems at first glance and that it matters how the goal of their good hygiene habits is achieved.

### **7.1 Physical hygiene of the children. Memo**

Having said this, it is of course essential that teachers

make sure that the children's hands are cleaned during the day and especially after toilet trips, before meals and after outdoor activities or after activities that call for hand washing;

inform parents about the child's diaper status according to the communication channels used;

inform parents about which creams are used in the children's diaper area at the kindergarten and give them the option to contribute their own cream if they wish;

have fixed toilet times with the youngest children, but be alert when they let you know that they want a diaper change or want to go to the toilet. In particular, teachers must be vigilant that the children do not have poo in their diapers except for a very short time, which calls for them to check regularly;

never express any negative attitude towards these basic needs of the children and their manifestations;

take care of your own hygiene when taking care of the children, including after helping a child in the toilet.

## **8. Interaction with the physical reality of the kindergarten**

In all interactions with reality, the children are being educated. They gain experience and knowledge about things and an increased ability to act themselves, and they develop an attitude towards the world and an awareness of their position and role in it. As in all children's education, the attitude they develop towards reality is very important. The more they associate with the reality with curiosity, wonder, admiration and respect for its existence, the sharper will be their attention and the more rapid will be the education that their experience of it brings them.

Teachers soon realise that a day in a child's life at the kindergarten is not divided on the one hand into moments and activities for learning and on the other hand into the others, which do not bring them education. Even in activities that we normally consider meaningless and even unnecessary, the children are learning.

Þegar barn tekur hendi um hurðarsneril á opinni hurð og tekur eftir því að snerillinn á móti eða hleypijárnið á rönd hurðarinnar hreyfist líka og endurtekur þessa athöfn aftur og aftur, þá ættum við að skoða nánar hvað þarna er að gerast. Í hugarheimi barns er ekki augljóst að við það að taka í hurðarsneril á annarri hlið hurðarinnar, þá hreyfist snerillinn á hinni hlið hennar líka, hvað þá hleypijárnið. Barnið er þarna að uppgötva því áður óþekkt orsakatengsl og það vekur því áhuga. Þetta er í sinni einföldu en skýru mynd tæknilegur áhugi barnsins. Hann vaknar við undrun barnsins yfir því, að þegar það gerir eitt, þá gerist eitthvað annað, sem það vissi ekki fyrir að myndi gerast.

Við getum ekki búist við að börnin á leikskólanum svali tæknilegri forvitni sinni einungis í skipulegum og þar til gerðum kennslustundum. Kennarar verða því að vera vakandi og tilbúnir að mæta þessum áhuga barna af samúð og skilningi, jafnvel þegar athafnir þeirra eru af öðrum ástæðum óæskilegar. Forðast að gera þau tilvik að tilefni til togstreitu og alls ekki að gefa færi á að börnin noti óæskilegar athafnir til að fanga athygli kennarans. Kannski þurfum við að varast okkar eigin orðfæri um þessar athafnir barna, sem spróttnar eru af tæknilegum áhuga þeirra. Hætta að kalla þær í hugsunarleysi „fikt“. Ekki segja eða hugsa „hættu að fikta!“ heldur „lofaðu mér að sjá“.

Þetta þýðir ekki að börnin temji sér ekki skynsamlega og háttprúða umgengni við hlutveruleikann, aðeins að í kynnum sínum af honum og umgengni við hann þá eru þau að menntast, öðlast þekkingu á honum og aukna getu til eigin athafna og aukna vitund um stöðu sína og hlutverk í heiminum. Það menntunarferli fer ekki endilega fram eftir óskum okkar um þæg og fyrirhafnarlítill börn, en þegar þau hafa svalað forvitni sinni um leyndardóma hurðarsnerlanna (sem við ættum auðvitað að opinbera þeim með því að taka skrána úr hurðinni og sýna þeim hvernig hún virkar!!), þá hætta þau því „fikti“ og snúa sér að nýjum og ögrandi tæknilegum viðfangsefnum. Á þeim tíma verðum við að sýna þeim dálítinn skilning og þolinmæði. Besta ráðið til þess er trúlega að vekja hjá sjálfum okkur þá tæknilegu forvitni sem við kannski neituðum okkur um að svala alltof snemma á lífsleiðinni.

Að öðru leyti er lykillinn að farsælli umgengni og kynnum barnanna við hlutveruleikann að vekja hjá þeim umhyggju fyrir honum og virðingu fyrir tilvist hans. Að nota tækifæri sem gefast til að vekja athygli þeirra á undursamlegum eiginleikum hlutanna og gjöfulu hlutverki þeirra í lífi barnanna. Hvernig gúmmíblaðran af undursamlegum eiginleikum sínum heldur loftinu sem við blásum í hana inni en þenst um leið út sjálf. Hvernig hlutir svara með eigin „röddu“ þegar þeir eru snertir, stroknir eða við bönkum í þá.

Þessi afstaða hlýju, þakklætis, forvitni, undrunar og virðingar fyrir hlutveruleikanum krefst vitaskuld skipulags og umgengnisreglna sem börnin kynnast af góðviljaðri leiðsögn kennara. Sennilega sýnir reynsla kennara að betra er að hafa fremur fáa hluti í gangi í einu en marga, minnugir þess að börn geta auðveldlega brúað bilið á milli þess sem hlutur tákna í hugarheimi þeirra og þess sem hann í rauninni er.

Sjálfsagðar venjur kennara og barna í umgengni við hlutina í leikskólanum eru að dagleg umgengni sé snyrtileg og vel sé gengið um.



When a child touches a door knob on an open door and notices that the opposite knob or the latch on the edge of the door also moves and repeats this action over and over again, we should take a closer look at what is happening there. In a child's mind, it is not obvious that when you pull a door handle on one side of the door, the handle on the other side will also move, let alone the deadbolt. The child is there to discover causal relationships previously unknown to him or her and it interests him or her. This is, in its simple but clear form, the child's technical interest. He or she wakes up to his or her surprise, that when he or she does one thing, something else happens that he or she didn't know would happen.

We can't expect the children in the kindergarten to quench their technical curiosity only in organized and specially designed lessons. Teachers must therefore be alert and ready to meet this interest of children with compassion and understanding, even when their activities are undesirable for other reasons. Avoid making those cases an occasion for tension and absolutely not give the children the opportunity to use unwanted activities to catch the teacher's attention. Perhaps we need to be careful with our own language about these activities of children, which arise from their technological interest. Stop thoughtlessly calling them 'fidgets'. Don't say or think 'Stop fiddling!' but 'Allow me to see!'.

This does not mean that the children do not learn to deal with reality intelligently and politely, only that in their encounters with it and their dealings with it they are becoming educated, gaining knowledge about it and an increased capacity for their own activities and an increased awareness of their position and role in the world. That educational process does not necessarily follow our wishes for docile and unobtrusive children, but once they have quenched their curiosity about the mysteries of the door knobs (which we should, of course, reveal to them by taking the lockset from the door, open it up and showing them how it works!!), then they stop 'fiddling' and turn to new and challenging technical subjects. At that time, we have to show them some understanding and patience. The best way to do this is probably to awaken in ourselves the technological curiosity that we may have refused to cool too early in life.

On the other hand, the key to the children's successful communication and acquaintance with reality is to arouse in them concern for it and respect for its existence. To use opportunities that arise to draw their attention to the wonderful properties of objects and their beneficial role in the children's lives. How the rubber balloon, with its amazing properties, keeps the air we blow into it, but at the same time expands on its own. How objects respond with their own 'voice' when touched, stroked or tapped.

This attitude of warmth, gratitude, curiosity, wonder and respect for reality requires a good sense of organization and social rules, which the children learn from the benevolent guidance of the teacher. Teachers' experience probably shows that it is better to have a few things going on at once than many, remembering that children can easily bridge the gap between what an object represents in their mind and what it actually is.

The self-evident habits of teachers and children in dealing with objects in the kindergarten are that daily interactions are neat and well-paced.

### 8.1 Þrif sem ræstitæknar annast ekki. Minnisblað

Þeir kennarar sem eru með börnunum yfir daginn skoði hvað sé þrifið af ræstitæknunum og hvað þeir sjálfir sjái um að sé þrifið. Niðurstaða þess birtist að jafnaði í þrifaplani hvernar stofu eða starfsstöðvar. Það er eyðublað þar sem tilgreint er hvað kennarar eigi að þrifa og þeim falið að merkja við að verki loknu. Þar sést að kemur í þeirra hlut að þurrka, með viðeigandi hreinsiefnum, reglulega af húsgögnum og hlutum sem börnin handleika eða snerta, og því oftast sem snertingin er tíðari og meiri. Daglega sumt en sjaldnar annað, svo sem tvisvar í mánuði af hillum með efni til náms og leiks (sem auðvitað er í rauninni sama efnið).

Kennarar séu líka vakandi yfir ástandi efnis til náms og leikja og skoði og yfirfari það ekki sjaldnar en tvisvar á ári með tilliti til ástands þess og notagildis.

Þar sem börnin fara úr og í útifötin sín þurfa kennarar að moppa, sópa eða ryksuga eftir þörfum

Kennarar gæti þess að engin hættuleg efni eða áhöld séu sett í hendur barnanna. Þau áhöld og efni sem kennarar þurfa að hafa um hönd skulu geymd þar sem börnin ná ekki til þeirra.

Börnin taki þátt í og annist eftir getu sinni frágang á áhöldum og efnivið. Það geri þau, eins og flesta aðra hluti, í leik. Það kann að þýða háttbundnar og táknrænar athafnir þar sem börn og hlutir eru í leikrænum hlutverkum, rétt eins og gerist í þróuðum, frjálsum leik barna.

Góð viðmiðun um frágang er að hlutirnir séu eins og kennarar myndu sjálfir vilja koma að þeim í byrjun nýs dags. Það kann að þýða að ekki sé frá öllu gengið heldur látið standa óhreyft til að börnin geti haldið áfram við það næsta dag, svo sem bygging úr einingarkubbum eða ókláruð leirmunagerð. Það ákveða kennarar í samráði sín í milli en gæti þess að slík ráðstöfun hindri ekki ræstitæknana í sínum störfum.

## 9. Agi

Í Leikskólanum Sælukoti er ekki litið svo á að agi sé einungis að verki eða honum beitt þegar brugðist er við einhverri óæskilegri hegðun barnanna. Agi er frá sjónarmiði leikskólans afardýrmæt bjargráð barnanna sjálfra. Það gildir augljóslega um sjálfsaga þeirra, að geta neitað sér um eitthvað stundlega ánægjulegt eða þægilegt til að geta náð háleitari markmiðum sínum. Það gildir líka um að geta aðlagast skipulagi og reglum í leik og í samskiptum við aðra yfirleitt. Hér verður þó að hafa í huga, að markmið leikskólans er ekki að börnin verði með einhverjum hætti vélrænt hlýðin við fyrirmæli og reglur heldur að þau smám saman skilji ávinninginn af því að eiga í ánægjulegum samskiptum við aðra og að sanngjarnar reglur um þau samskipti auki á þá ánægju. Þarna er réttlætiskennd barnanna

### **8.1 Cleaning that the cleaners do not take care of. Memo**

The teachers who are with the children during the day see what is being cleaned by the cleaners and what they themselves are cleaning. The result is usually displayed in the cleaning plan of each classroom or establishment. There is a form where it is specified what the teachers should clean and they are instructed to mark when the work is done. It shows that it is up to them to regularly wipe, with suitable cleaning agents, furniture and objects that the children handle or touch, and the more often the contact is more frequent and greater. Some daily, but less often others, such as twice a month from shelves with material for study and play (which of course is essentially the same material).

Teachers should also be aware of the condition of the material for learning and games and check and review it no less often than twice a year with regard to its condition and usefulness.

Where the children change into and out of their outdoor clothes, teachers have to mop, sweep or vacuum the area as needed

Teachers make sure that no dangerous substances or tools are placed in the children's hands. The tools and materials that teachers need to have on hand must be stored where the children cannot reach them.

The children take part in and take care of finishing the utensils and materials according to their ability. They do that, like most other things, in a play. It may mean formal and symbolic activities in which children and objects are in theatrical roles, just as occurs in children's developed, free play.

A good criterion for completion is that things are as the teachers themselves would like them to be at the beginning of a new day. It may mean not finishing everything, but leaving it still so that the children can continue with it the next day, such as building with modular blocks or unfinished pottery. The teachers decide that in consultation with each other, but make sure that such a measure does not hinder the cleaning technicians in their work.

## **9. Discipline**

At Sælukoti Kindergarten, it is not considered that discipline is only at work or is applied when dealing with some unwanted behavior of the children. Discipline, from the kindergarten's point of view, is an extremely valuable coping mechanism for the children themselves. It obviously applies to their self-discipline, being able to deny themselves something temporarily pleasurable or comfortable in order to achieve their loftier goals. It also applies to being able to adapt to organization and rules in a game and in communication with others in general. Here, however, it must be kept in mind that the goal of the kindergarten is not for the children to somehow mechanically obey instructions and rules, but for them to gradually understand the benefits of having pleasant interactions with others and that fair rules for those interactions increase that pleasure. There, the children's

í örri þróun og vitund þeirra fyrir því að aðrir eigi líka að njóta réttlætis er að vakna.

Hér er aðalatriðið að í hvaða árekstrum sem barnið kanna eiga í við önnur börn, kennara eða bara hlutina, þá fái það ávalt staðfestingu á því að það sé virt og elskað af kennurum.

Þessu kann að vera erfitt að framfylgja. Barn, sem hefur þolað órétt af öðru barni, kann því auðvitað illa að sá yfirgangsseggur njóti elsku og virðingar kennara í stað þess að vera réttlæga refsað! En þannig verður það að vera, leikskólinn er ekki staður þar sem börn eru sett út í kuldann eða þeim einfaldlega vikið úr skóla! Hann er staður þar sem þau eru elskuð, sama hvað. Sem auðvitað þýðir ekki að þau njóti stuðnings til misgjörða og þolendur njóti ekki réttlætis. Öðru nær. Barn, sem sýnir af sér óæskilega hegðun, það fær ekki stuðning til að halda henni áfram og annað barn, sem fyrir slíkri hegðun kann að verða, því er veittur stuðningur og fullvissa um að réttlæti skuli ríkja. Hér er hinu fyrra sagt og sýnt, að einmitt vegna þess hversu gott barn það er og hversu kennara þykir vænt um það, þá verði það að láta aðra njóta þess í stað þess að gera þeim illt, börnum, Kennurum eða hlutunum. Því barni, sem fyrir hegðuninni varð, því er sýndur fullur skilningur á raunum þess, því sagt hvers sé krafist af hinu barninu um breytta hegðun og yfirlát og því leiðbeint um, eftir því sem við á, hvernig það gæti varið sig, þannig að þessi reynsla þess sé því ekki staðfesting á varnarleysi þess heldur verði hún því til valdeflingar.

Með öðrum orðum, þá er það ekki hlutverk kennara að útdeila refsingum fyrir börn í hefndarhug heldur að leiða alla árekstra til réttlátrar niðurstöðu sem felist í upplýstri staðfestingu á misgjörð ef hún hefur átt sér stað, og réttlátri leið til að bæta fyrir hana.

## 10. Daglegt starf

Leikskólinn Sælukot fylgir í starfi sínu þeirri grundvallarhugmynd að börnin þrífist best við elskuríka afstöðu, viðmót og framkomu kennara við börnin samfara örvandi aðstæðum til menntunar og þroska í daglegum háttum barnanna, leik þeirra og sértækum stundum til náms. Leikskólinn telur að frumforsenda þess að hægt sé að örva alhliða þroska barna sé að þeim líði vel.

Leikskólinn Sælukot gengur þó ekki út frá því að líf barnanna í leikskólanum verði án alls mótlætis, að börnin verði ætíð kát og glöð. Börn, líkt og fullorðin fólk, sækja sér sjálf mótlæti með ýmsum hætti. Þeim er eðlilegt að vilja gera og geta meira en þeim tekst í reynd hér og nú og það kann að valda þeim harmi. Þau eiga ekki sjálfgefið snurðulaus samskipti við skólasystkini sín og þau kunna að bera með sér inn í leikskólann einn eða annan harm sem veldur þeim angri. Kennarar skulu ekki krefjast þess af börnunum að þau séu ætíð „kát og glöð“, sem væri það skylda þeirra, og þeir skyldu líta á harm þeirra í mótlæti sem tækifæri til að styðja þau og valdefla.

Hvert barn hefur sinn eigin persónuleika og því er ekki hægt að segja fyrir um hvernig bregðast eigi við öllum börnum, sem til dæmis tjá óhamingju sína yfir nýteiknaðri mynd sinni

sense of justice is developing rapidly, and their awareness that others should also enjoy justice is awakening.

The main thing here is that in any conflicts the child may have with other children, teachers or just things, he or she always receives confirmation that he or she is respected and loved by the teachers.

This may be difficult to enforce. A child who has endured injustice from another child, of course, does not like the fact that the aggressive person enjoys the love and respect of a teacher instead of being properly punished! But that's how it has to be, the kindergarten is not a place where children are left out in the cold or simply suspended from school! It is a place where they are loved no matter what. Which, of course, does not mean that they enjoy support for wrongdoing and victims do not enjoy justice. A child who exhibits unwanted behavior does not receive support to continue it, and another child who may experience such behavior is given support and reassurance that justice will prevail. Here the former is told and shown, that precisely because of how good a child he or she is and how much the teacher cares about him or her, he or she must let others enjoy it instead of harming them, children, teachers or things. The child who was subjected to the behavior is shown a full understanding of his or her ordeal, is told what is required of the other child in terms of changed behavior and improvement and is instructed, as appropriate, on how he or she could defend him- or herself, so that his or her experience is therefore not a confirmation of his or her vulnerability, but rather it becomes an empowerment.

In other words, it is not the teacher's job to hand out punishments to children out of revenge, but to lead all conflicts to a just conclusion, which consists of an informed acknowledgment of wrongdoing if it has occurred, and a just way to make up for it.

## **10. Daily work**

In its work, Sælukot Kindergarten follows the basic idea that the children thrive best with a loving attitude, approach and behavior of the teachers towards the children, accompanied by stimulating conditions for education and development in the children's daily habits, their play and special times for learning. The kindergarten believes that the primary prerequisite for stimulating the comprehensive development of children is that they feel good.

The Sælukot kindergarten does not, however, assume that the children's lives in the kindergarten will be without all adversity, that the children will always be cheerful and happy. Children, like adults, deal with adversity of various kind and in various ways. It is natural for them to want to do and be able to do more than they actually manage here and now, and this may cause them grief. By default, they do not communicate smoothly with their school siblings, and they may carry one or the other sorrows with them into the kindergarten, which causes them grief. Teachers should not demand from the children that they are always 'cheerful and happy', as if it was their duty, and they should see their sadness in adversity as an opportunity to support and empower them. Each child has his or her own personality, and therefore it is not possible to predict how to react to all children, who, for example, express their unhappiness about their newly drawn picture on

á blaði. Með því er barnið þó að segja okkur eitthvað, og það er ekki víst að það sé einfaldlega að kalla á það svar okkar að víst sé myndin falleg og barnið sé bæði duglegt og klárt að geta teiknað svona fallega mynd. Hér þarf sennilega meiri athugunar við.

Að bera virðingu fyrir barninu felur í sér að dómur þess um sitt eigið listaverk sé tekinn alvarlega. En hvernig? Með því að fá barið til að ræða um verkið á hlutlægum nótum, sem alls ekki er auðvelt í byrjun. En að taka barninu sem fullgildum álitsgjafa um verkið er að bera virðingu fyrir því. Hvað sem barnið annars ætlaði sér með dómi sínu um verk sitt, kannski einfaldlega að fá þessar gælur að víst sé verkið flott og barnið sjálft duglegt og klárt, þá getur einlæg og málefnalegt samtal við það um verk þess leitt huga þess frá þessari hvöt þess til fordæmingar á verki sínu og inn á viðfangsefnið sjálft, þá mynd eða myndverk, sem það vildi kannski í upphafi skapa. Takist það, þá hefur opnast leið til að leiðbeina því um það ætlunarverk sitt. Þá hefur opnast tækifæri til menntunar.

### 10.1 Matmálstímar

Matmálstími barnanna er eins og annað í leikskólastarfinu og lífi barnanna á leikskólanum margbrotin athöfn. Ef við skoðum hlutverk matmálstíma, þá er hlutverk þeirra auðvitað fyrst og fremst að næra börnin. En ef við síðan athugum hvað ræður þeim áhuga og atorku sem börnin leggja í athöfnina, þá vitaskuld blasir við að þau vilja borða af því að þau eru svöng og drekka af því að þau eru þyrst. Þannig að matmálstími hefur það hlutverk að börnin nærast vel og svali svengd sinni og þorsta.

En fleira er að verki á matmálstíma. Hann er í fyrsta lagi tímasettur. Honum eru valdar tiltekna stundir dagsins. Þau börn sem þiggja morgunverð gera það milli kl. 7.45 og 8.45. Hádegismatur er fram reiddur kl. 11.00 og síðdegishressing, „nesti“, kl. 15.00.

Börnin borða saman í hóp, einn hópur eða fleiri, eftir atvikum, við eitt borð eða borðaröð.

Áður en matur og drykkur er borinn fram sitja börnin með hendur í skauti og syngja:

Baba Nam Kevalam, Baba Nam Kevalam, Baba Nam Kevalam, Baba Nam Kevalam.—  
Jai!

Þakka Guði fyrir fæðuna.

Þakka Guði fyrir vinina.

Þakka Guði fyrir fuglasögninn.

Þakka þér Guð fyrir allt saman

og blessa máltíðina.

Að því búnu taka þau eldri sér mat og drykk á disk og í glös. Þeim yngri er hjálpað við að fá sér og þeim yngstu er gefið á diskinn sinn og í glas.

Börn vilja gjarnan glasið sitt fullt og diskinn helst kúfaðan. Það getur hins vegar vafist fyrir þeim að klára úr glasinu og af diskinum sínum. Hér skyldu kennarar hafa í huga þörf barnsins fyrir að nærast en láta önnur sjónarmið bíða um sinn.

paper. By doing so, the child is telling us something, and it is not certain that he or she is simply calling for our response that the picture must be beautiful and the child is both skilled and smart to be able to draw such a beautiful picture. This probably needs more consideration.

Respecting the child means that his or her judgment about his or her own work of art is taken seriously. But how? By getting the bar to talk about the work objectively, which is not easy at all in the beginning. But to take the child's judgement as a valid opinion on the work is to respect the child. Whatever else the child intended with his or her judgment about his or her work, perhaps simply to get these compliments that the work is certainly cool and the child himself is efficient and smart, then a sincere and objective conversation with him or her about his or her work can lead his or her mind from this motive of condemnations of his or her work and into the subject itself, the picture or the composition that he or she perhaps initially wanted to create. If it succeeds, a way has been opened to guide the child on his or her artistic mission and an opportunity for education has opened up.

### **10.1 Mealtime**

The children's meal time is, like anything else in the kindergarten work and the children's life at the kindergarten, a complex event. If we look at the role of meal times, their role is of course primarily to feed the children. But if we then examine what determines the interest and energy that the children put into the activity, it is obvious that they want to eat because they are hungry and drink because they are thirsty. So mealtime has the role of feeding the children well and quenching their hunger and thirst.

But there is more to do at mealtime. First of all, it is timed. Certain times of the day are chosen for it. The children who receive breakfast do so between 7.45 and 8.45. Lunch is served at 11.00 and afternoon refreshment, 'nesti', at 15.00.

The children take food together in groups. Before food and drink are served, the children sit with their hands clasped and sing:

Baba Nam Kevalam, Baba Nam Kevalam, Baba Nam Kevalam, Baba Nam Kevalam.

Jai!

Þakka Guði fyrir fæðuna.

Þakka Guði fyrir vinina.

Þakka Guði fyrir fuglasögninn.

Þakka þér Guð fyrir allt saman og

blessa máltíðina. .

After that, the older ones take food on their plates and drink in their glasses. The younger ones are helped to do and the youngest are given on their plate and in a glass. Children like to have their glass full and their plate to stay crammed. However, it may be difficult for them to finish from the glass and from their plate. Here, teachers should keep in mind the child's need to be nourished, but let other considerations wait for a while.

Af ýmsum ástæðum er barn ekki alltaf reiðubúið að borða nægju sína einmitt nú, en síðan, að máltíð lokinni, verður það svangt og vill þá gjarnan borða. Þetta þekkja allir úr eigin fjölskyldulífi. Það kann að taka tíma og lagni að þjálfa börn til að borða nægju sína á matmálstíma og það er forgangsverkefni kennara að sinna því. Með gætni, velvilja og þolinmæði, vitandi að þetta kann að verða dálítið langtímaverkefni.

Næst kemur að dálitlu skynsemisatriði og siðferðilegu um leið: Barnið klárar ekki úr glasinu og klárar ekki af diskinum, hvað skal gert í því? Þetta snýr auðvitað aðallega að eldri börnunum sem fengu sér sjálf á diskinn og í glasið. Hér þurfum við að vera varfærin og nærgætin. Hér er ekki staður og stund til að sakbíta barn vegna þeirra barna á jörðinni sem svelta. Það eru aðrar ástæður fyrir því að þau svelta en að barn á leikskóla á Íslandi taki sér of mikið á diskinn eða í glasið sitt.

Hér er þess í stað ráð að fá barnið til að skilja skynsemina í því að geta fengið sér aftur á diskinn og aftur í glasið. Það er vissulega skynsamlegt frá mörgum sjónarmiðum. Mestu varðar að matur og drykkur er fyrir svöngu barni og þyrstu mikið fagnaðarefni. Það breytist í andhverfu sína ef lagt er of hart að því að klára af diskinum og úr glasinu eftir að það er orðið mett. Þá er skynsamlegra að fá barnið með lagni og velvilja til að temja sér að taka til sín fremur minna en meira í einu og njóta þess að fá sér aftur.

Hafi börn ofnæmi fyrir einhverri fæðu eða þurfi þau af heilsufarsæastæðum einhvers sérstaks við um næringu sína, þá láta foreldrar þeirra leikskólann vita. Deildarstjóri hefur þá umsjón með því að sé framfylgt því sem þá er fyrir lagt.

Leikskólinn Sælukot framreiðir vegan fæði fyrir börn og starfsmenn. Það gerir matráður í eldhúsi leikskólans. Matreiðslan er gerð úr grunnhráefnum og sem allra minnst úr unnum vörum.

Leikskólinn hefur vitaskuld engin afskipti af því hvað börn og starfsmenn hafa til matar og drykkjar utan leikskólans.

## **10.2 Leikur barnanna**

Það er almennt þekkt og viðurkennt að börn læri best og mest „í gegnum“ leik, eins og það er iðulega orðað. Leikskólinn Sælukot tekur heils hugar undir það. Það þýðir þó ekki að hægt sé að gera hvaða námsleg viðfangsefni þeirra að leik og að hvaða leikur sem er sé menntandi fyrir þau. Við verðum líklega að sætta okkur við að við skiljum ekki til fullnustu hvað er að gerast í leik barna. Það er að segja, hvaða reynsla það er barni að leika sér. Sem áður segir, þá er ekki fyllilega upplýsandi að segja að þau leiki sér til þess að hafa gaman að því eða haldi áfram að leika sér af því að þeim finnst það gaman. Leikur er börnum trúlega iðulega meira alvörumál en við áttum okkur á. Sem þýðir að þau leggja allt sitt í leikinn, má segja, og í frjálsum eða sjálfsprottum leik, sem nær að þróast í hlutverkaleik, neyta þau sýnilega ýtrustu hæfileika sinna í persónusköpun og leikrænni tjáningu og draga inn í hann reynslu sína og þekkingu á veröldinni. Í ýmsum formlegum leikjum neyta þau líka hæfileika sinna og efla þá og þjálfa, og í aðstæðum þar sem þau fá tækifæri til að neyta líkamlegs atgerfis síns gera þau það af mikilli einbeitingu og ákefð.



For various reasons, a child is not always ready to eat his fill just now, but then, after a meal, he or she gets hungry and wants to eat. Everyone knows this from their own family life. Training children to eat their fill at mealtime can take time and skill, and it is a teacher's priority to do so. With care, goodwill and patience, knowing that this may be a bit of a long-term project.

Next comes a bit of common sense and moral at the same time: The child doesn't finish the glass and doesn't finish the plate, what should be done about it? Of course, this mainly concerns the older children who served themselves on the plate and in the glass. Here we need to be cautious and discreet. This is not the place and time to blame a child because of the children on earth who are starving. There are other reasons why they starve than if a child at a kindergarten in Iceland takes too much on his plate or in his glass.

Instead, here is an occasion to get the child understand the logic of being able to have a second round on the plate and in the glass. It certainly makes sense from many points of view. The most important thing is that food and drink for a hungry child and a thirsty child is a reason to celebrate. It turns into its opposite if you try too hard to make the child finish off the plate and the glass after the child is full. Then it makes more sense to get the child with skill and good will to learn to take in less rather than more at once and enjoy having a second round.

If children are allergic to any food or need something special for their nutrition due to health reasons, their parents should inform the kindergarten. The head of the department is then in charge of ensuring that what is put in place is implemented.

Sælukot Kindergarten serves vegan food for children and employees, made by the cook in the kindergarten's kitchen. The cooking is made from basic ingredients and as little as possible from processed products.

The kindergarten has absolutely no interference in what children and employees have for food and drink outside of the kindergarten.

## **10.2 Children's play**

It is widely known and accepted that children learn best and most 'through' play, as it is often said. The Sælukot Kindergarten agrees wholeheartedly. However, that does not mean that any of their academic subjects can be turned into a game and that any game is educational for them. We probably have to accept that we do not fully understand what is happening in children's play. That is to say, what an experience it is for a child to play. As mentioned before, it is not fully informative to say that they play for fun or continue to play because they enjoy it. Play is probably more serious to children than we realise. Which means that they put their all into the play, so to speak, and in free or spontaneous play, which manages to develop into a role-playing game, they visibly use their utmost skills in character creation and theatrical expression, drawing into it their experience and knowledge of the world. In various formal games, they also consume their skills and develop and train them, and in situations where they have the opportunity to consume their physical activity, they do so with great concentration and enthusiasm.

Frjáls leikur barna er viðkvæmur fyrir beinum afskiptum fullorðinna, en þarf þó iðulega óbeinan stuðning til að þróast. Þar gildir að reyna að stuðla að því að börnin sjálf móti leikinn og leysi úr þeim vanda sem þau kunna að mæta í honum. Formlegir leikir þola betur beina leiðsögn fullorðinna, en þó gildir um þá líka að leyfa börnunum sjálfum að bera uppi leikinn eftir bestu getu. Kenna þeim grundvallaratriði leiksins en hlúa síðan að þátttöku þeirra í honum með það fyrir augum, ekki síst, að stuðla að jafnræði milli barnanna í honum. Þetta felur iðulega í sér að kennarinn gengur sjálfur inn í leik barnanna en þó ætíð á þeim forsendum að með því örvi hann börnin til leiks og stuðli að framþróun leiks þeirra

Í nútímaleikskólastarfi gegna leiktæki og leikföng þýðingarmiklu hlutverki. Kennarar ættu í því sambandi að hafa í huga, að leiktæki eða leikfang er einungis menntandi fyrir börnin ef það kallar á og skilar barninu aukinni færni við að leika sér að því eða í. Þetta er auðvitað vandi sem fylgir takmörkuðu og fastmótuðu leiksvæði. Börnin geta auðveldlega líkt og vaxið upp úr leiktækjunum og leikföngunum og athafnir þeirra þannig orðið endurtekningarsamar og án framþróunar. Þennan vanda mætti vissulega leysa með því að hafa ríkulegri vettvang en nú er til staðar, úti og inni, fyrir framkvæmdir barnanna. Það er að segja fyrir athafnir sem skila þeim efnislegum afrakstri sem þau hafa stefnt að. Af ýmsum ástæðum er erfitt að koma því við. Sumar þeirra eru öryggisástæður, aðrar varða hreinlæti og enn aðrar eru skipulagslegar, eins og vandinn við að skilja eftir í lok dags eitthvað óklárað verk barnanna.

Meðan leikskólinn brýst ekki út úr þessum „nútíma“ aðstæðum, sem hann kannski mun þó gera í framtíðinni, þá reynir á hugkvæmni kennaranna að hlúa að allri framþróun og nýsköpun í leik barnanna og athöfnum, að beita útileiktækjunum í leikjum sem ekki takmarkast af ætlaðri notkun þeirra einfaldlega. Að rólán verði fyrir eldri börnunum hliðið að ríki álfamærinnar sem býr í klifurkastalanum. Tröll gæti þessa hliðs og til að fara þar í gegn þurfi börnin að svara einni spurningu tröllsins og róla sér 12 sinnum (með ríkulegri hjálp tröllsins!) fyrir rangt svar, og svo framvegis eftir aðstæðum og ímyndunaraflí. Með öðrum orðum: Að láta ekki athafnir barnanna takmarkast við forskrifaða notkun leikfanga og leikstækja heldur að beita þeim í þágu ímyndunarafls þeirra með því að glæða þau táknrænni merkingu í einhverri leikrænni framvindu sem til dæmis væri tekin að láni úr þekktum ævintýrum með frjálsu ívafi og breytingum, auðvitað. Rétt eins og börn gera iðulega sjálf.

### 10.3 Hópastarf

Börnunum á leikskólanum er skipt niður í hópá eftir aldri og hverjum aldurshóp niður í hæfilega stóra hópá. Sú skipting fer eftir aðstæðum. Þannig getur einn kennari verið með samsvarandi stóran hóp út af yrir sig eða fleiri kennarar með samsvarandi þá stærri hóp.

Eins og gefur að skilja, þá mynda börnin og kennararnir það samfélag sem börnin lifa í á leikskólanum. Það þýðir að menntun barnanna fer að miklu leyti fram í hópí og í samskiptum barnanna innbyrðis. Það er því afarmikilvægt fyrir líðan barnanna, þroska þeirra og menntun, að þessi samskipti séu í senn örvandi, krefjandi og gefandi. Sem fyrr er sagt, þá er leikur barnanna sá samskipta- og veruháttur sem helst

Children's free play is vulnerable to direct intervention by adults, but often needs indirect support to develop. It is important to try to encourage the children to design the play themselves and solve the problems they may encounter in it. Formal games are better able to withstand the direct guidance of adults, but it is also important to let the children themselves carry out the game to the best of their ability. Teach them the fundamentals of the game, but then nurture their participation in it with the aim, not least, of promoting equality between the children in it. This usually means that the teacher himself enters the children's play, but always on the grounds that by doing so he stimulates the children to play and contributes to the development of their play

In modern kindergarten work, play equipment and toys play an important role. In this regard, teachers should keep in mind that a play equipment or toy is only educational for the children if it calls for and gives the child increased skills in playing with it or in it. This is of course a problem that comes with a limited and fixed playing area. The children can easily like outgrow the toys and their activities thus become repetitive and without progress. This problem could certainly be solved by having a richer platform than is currently available, outside and inside, for the children's projects. That is to say, for activities that deliver the material results they have aimed for. For a number of reasons, it is difficult to do so. Some of them are safety reasons, others concern hygiene and still others are organizational, such as the problem of leaving behind some unfinished work for the children at the end of the day. While the kindergarten does not break out of this 'modern' situation, which perhaps it will do in the future, the teachers' sensitivity is tested to foster all progress and innovation in the children's play and activities, to use the outdoor play equipments in games that are not limited by their intended use only. That the swing will be for the older children the gateway to the kingdom of the fairy who lives in the climbing castle. A troll could stand at this gate and to go through it the children have to answer one of the troll's questions and swing 12 times (with the troll's generous help!) for a wrong answer, and so on, depending on the situation and imagination. In other words: To not let the children's activities be limited to the prescribed use of toys and play equipment, but to use them for the benefit of their imagination by giving them a symbolic meaning in some theatrical progression that, for example, would be borrowed from well-known fairy tales with free twists and changes, of course. Just like children often do themselves.

### **10.3 Group work**

The children at the kindergarten are divided into groups according to age, and each age group is divided into suitably large groups. That division depends on the situation. In this way, one teacher can have a correspondingly large group by himself or several teachers with a correspondingly larger group.

As can be understood, the children and the teachers form the community in which the children live in the kindergarten. This means that the children's education takes place to a large extent in a group and in the children's interactions with each other. It is therefore extremely important for the well-being of the children, their development and education, that these interactions are stimulating, challenging and rewarding at the same time. As mentioned earlier, the children's play is the way of communication and being that best

uppfyllir þau skilyrði, en það þýðir ekki að aðrar athafnir í skólastarfinu skipti ekki máli.


The children in the junior and middle classes have their own bed, which is a mattress on the floor, and they bring bed linen from home. Parents take sheets, pillows and duvet covers home on Fridays and return the washed ones to the kindergarten on Monday morning. The children in the infant department each sleep in their own pram outside.

Teachers help the children to go to sleep. Those who sleep inside sleep in their indoor clothes. The children in the infant department wear outdoor clothes.

The children who sleep during rest time bring with them from home what belongs to this sleep time, pacifiers, teddy bears or other things they are used to at home. Their sleep time is recorded and their parents are notified. With age, the children's sleeping time is often shortened in consultation or at the request of the parents, in anticipation of the fact that they will stop sleeping during the day.

## 11. Fastar hefðir í leikskólanum

### 11.1 Jólaball

Leikskólinn Sælukot virðir og tekur fagnandi hefðbundnum hátíðum og tyllidögum sem þjóðinni eru kærir. Á flestum þeirra eru leikskólar lokaðir en stöku dagur er þó haldinn hátíðlegur í leikskólanum auk þess sem hann á sína eigin hátíðisdaga. Þess utan tekur leikskólinn þátt í tilhlökkun og undirbúningi barnanna fyrir stórhátíðir.

Í lífi barnanna eru jólin mikið tilhlökkunarefni. Leikskólinn tekur þátt í þessari gleði þeirra með því að hjálpa þeim eftir getu þeirra til að búa til gjafir handa foreldrum sínum eða öðrum nánustu. Þótt börnum séu eigin hlutir kærir og haldi fast um sitt, að okkur finnst, þá eru þau mjög gjöful líka, eins og við þekkjum. Kannski eru vandfundin betri tækifæri til menntunar barns en þetta, að búa eitthvað til í þeim tilgangi að gleðja með því þau sem barnið elskar og það veit að elska sig. Það gefur sköpuninni, mynd eða leirmuni eða skrautmun eða hverju sem er, þessa sérstöku merkingu, að muni gleðja aðra. Þetta eru töfrar jólanna, má trúlega kalla það, og ástarinnar, að annars lítilmótlegur hlutur, í samanburði við það sem fæst keypt, verður líkt og hlaðinn ást og tilhlökkun um gleðileg viðbrögð viðtakandans, mömmu, pabba eða annarra ástvina.

Með aldri og þjálfun í gjafmildi mun barnið fá þá miklu gjöf sjálft að leita og finna hamingju í gleði annarra, líka þeirra sem ekki geta endurgoldið í sömu mynt. Það er dýrmætt að eiga ekki hamingju sína undir þeirri ánægju einni, sem maður getur veitt sér sjálfum, heldur þeirri ánægju, gleði og hamingju sem maður getur veitt öðrum, fólki, dýrum, plöntum og hlutum jafnvel. Til þess fyllilega að geta notið þeirrar miklu gjafar þarf barnið að eflast að sjálfstæði og háleitri sjálfvitund, því að eitt er að veita öðrum gleði, annað er að vera háður endurgjaldi þeirra fyrir það.

En þetta vitum við öll, og um börn gildir að þau eflast ekki af siðapredikunum okkar, sem þau finna sig ekki í, og vissulega munu þau vænta þess að mamma og pabbi eða aðrir nánustu muni þakka jólagjöfina og jafnvel gefa á móti. Þau munu ekki skilja að þau eigi að gefa án nokkurrar væntingar um endurgjald, en þau munu hér þroska gjafmildi sína og læra að njóta gleðinnar við að gleðja aðra og það er gott líf og góð þjálfun fyrir framtíðina.

Í desember er haldin jólatréssemmtun í Leikskólanum Sælukoti undir umsjón foreldrafélagsins. Þar verður fylgt þaulreyndum jólahefðum, börn og fullorðnir haldast í hendur og dansa í kringum fagurlega skreytt jólatré og syngja þekkt jólalög. Þetta dregur að einn eða tvo jólasveina, sem koma óvænt og skyndilega í augsýn fyrir utan gluggana með poka á bakinu með gjöfum í. Inn kominn eða komnir heilsa þeir og kynna sig og taka þátt í dansinum kringum jólatréð og syngja hástöfum. Að því búnu útbýta þeir gjöfum til barnanna sem þeir afhenda hverju fyrir sig. Börnin hafa búið til gjöf handa jólasveininum sem hann þiggur með þökkum.

## **11. Standing traditions in the kindergarten**

### **11.1 Christmas Ball**

Sælukot Kindergarten respects and welcomes traditional festivals and days of celebration that are dear to the nation. In most of them, kindergartens are closed, but some days are celebrated in the kindergarten, and Sælukot has its own holidays too. In addition, the kindergarten participates in the anticipation and preparation of the children for major holidays.

In children's lives, Christmas is something to look forward to. The kindergarten participates in their joy by helping them to the best of their ability to make gifts for their parents or other relatives. Although children are very fond of their own things and cling to their own, we think, they are also very generous, as we know. Rare are better opportunities for a child's education than this, to create something in order to please those whom the child loves and knows is loving him or her. It gives the creation, a picture or a piece of pottery or an ornament or whatever, this special meaning that it will bring joy to others. This is the magic of Christmas, you can honestly call it, and of love, that an otherwise insignificant object, compared to what can be bought, becomes loaded with love and anticipation for the happy reaction of the recipient, mom, dad or other loved ones.

With age and training in generosity, the child will receive the great gift of seeking and finding happiness in the joy of others, even those who cannot reciprocate in kind. It is valuable to have your happiness depending not only in the pleasure you can give yourself, but in the pleasure, joy and happiness you can give to others, people, animals, plants and even things. In order to be able to fully enjoy that great gift, the child must develop independence and high self-awareness, because it is one thing to give joy to others, another is to depend on their recompense for it.

But we all know this, and it applies to children that they are not strengthened by our moral sermons, which they do not feel comfortable with, and they will certainly expect that mom and dad or other close relatives will appreciate the Christmas present and even give in return. They will not understand that they should give without any expectation of return, but they will here develop their generosity and learn to enjoy the joy of making others happy, and that is a good life and a good training for the future.

In December, a Christmas tree party is held at the Sælukoti Kindergarten under the supervision of the parents' association. Time-tested Christmas traditions will be followed, children and adults hold hands and dance around a beautifully decorated Christmas tree and sing well-known Christmas songs. This attracts one or two Santa Clauses, who appear unexpectedly and suddenly outside the windows with sacks on their backs filled with presents. Entering or arriving, they greet and introduce themselves and take part in the dance around the Christmas tree and sing loudly. After that, they hand out gifts for the children, which they deliver to each one of them. The children have made a present for Santa Claus, which he gratefully accepts.

## 11.2 Öskudagur

Öskudagurinn er haldinn hátíðlegur í Leikskólanum Sælukoti með því að börn og starfsfólk mætir í búningum að vild. Nammi (holtt nammi!) er slegið úr tunnunni og fleira gert til hátíðarbrigða.

## 11.3 Vorhátíð

Komu sumarsins er fagnað þegar það er vel gengið í garð í byrjun júní. Eins og við á fer hún fram úti við, eftir því sem veður framast leyfir! Börnin hafa undirbúið hátíðardagskrá og hápunktur hennar er útskrift elstu barnanna sem flytja aðstandendum og gestum undirbúið atriði og taka við útskriftarskírteini. Foreldrum þeirra er afhent mappa með myndum og öðrum verkum barnsins.

## 11.4 Afmæli barns

Afmæli barnanna gefur kærkomið og gott tækifæri til gleði og menntunar þeirra. Börn fagna aldri sínum og kennarar geta með ýmsu móti gætt þennan áfanga þeirra í árum dýpri merkingu. Án þess að ætlast til of mikils í stjarnfræðilegum skilningi þeirra eða áhuga, þá eru til leiðir að miðla jafnvel mjög ungum börnum þeirri staðreynd, að þegar þau fæddust, þá hafi jörðin okkar verið á leið sinni, að vanda, í kringum sólina. Þetta er löng leið og jafnvel þótt jörðin fari eins hratt og hún getur þá tekur það marga daga, margar vikur og marga mánuði að fara heilan hring. Í dag hafi jörðin nú farið þetta marga hringi í kringum sólina frá því að barnið fæddist. Sé barnið fjögurra ára, þá hafi jörðin farið 4 hringi í kringum sólina síðan það fæddist og á þeim tíma hafi barnið gert svo ótal margt og stækkað svo mikið og lært svo mikið og hlegið svo mikið og grátið smávegis...

Frammi í móttöku er mynd af barninu og það fær kórónu og afmælisterta er á borðum. Afmælissöngur sunginn og fleiri söngvar.

## 11.5 Afmæli leikskólans

En jafnvel hlutir geta átt afmæli því að frá því að þeir urðu til hefur jörðin farið hring eftir hring umhverfis sólina. Þannig á Leikskólinn Sælukot líka afmæli og öll þau ár sem hann hefur verið til hafa börn verið að leika sér í honum, hlegið og grátið smávegis og vaxið og lært að róla sér og rennt sér í rennibrautinni og farið niður í fjöru og sungið Baba Nam Kevalam í morgunhringnum og eignast bestu vini í heimi.

Afmæli Leikskólans Sælukots er yfirleitt miðað við þegar hann hóf starfsemi sína í fyrstu húsakynnum hans við Þorragötu 1 árið 1984.

Börnin taka þátt í undirbúningi að afmælisdegi leikskólans, en dagskrá í tilefni afmælisins getur náð yfir fleiri en einn dag.

## 11.6 Öðru vísi dagar

Vert er að líta yfir dagskrá leikskólans framundan og sjá hvort þar sé kannski pláss fyrir tilbreytingu frá hinu fyrirframákveðna í dagskránni. Það getur tekið til allra barna leikskólans eða hluta þeirra. Hér er gott tækifæri til að ræða hugmyndir við börnin, líka þau allra yngstu. Áform um breyttan dag fyrir þau sérstaklega taka auðvitað mið af aldri þeirra og getu, en lítil börn hafa samt hæfileika til að hugsa til framtíðar um einfalda hluti sem þau hlakka til.



## **11.2 Ashday**

Ash Day is celebrated at the Sælukoti Kindergarten with children and staff attending in whatever costumes they like. Candy (healthy candy!) is knocked out of the barrel and other things are done for the festive season.

## **11.3 Spring festival**

The arrival of summer is celebrated when it has installed itself solidly with us at the beginning of June. As it should be, it takes place outside, weather permitting! The children have prepared a festive program and its highlight is the graduation of the oldest children, who perform a prepared scene for relatives and guests and receive a graduation certificate. Their parents are given a folder with pictures and other works of the child.

## **11.4 A child's birthday**

The children's birthday provides a welcome and good opportunity for their joy and education. Children celebrate their age, and teachers can in various ways give this phase of their years a deeper meaning. Without expecting too much of their astronomical understanding or interest, there are ways to convey to even very young children the fact that when they were born, our Earth was on its way, winding, around the Sun. It's a long way, and even if the Earth moves as fast as it can, it takes days, weeks, and months to make a full circle. Today, the earth has gone around the sun this many times since the child was born. If the child is four years old, then the earth has gone 4 times around the sun since he or she was born and in that time the child has done so many things and grown so much and learned so much and laughed so much and cried a little...

In front of the entrance to the classroom there is a picture of the child and he or she gets a crown and a birthday cake is on the tables. Birthday song sung and other songs.

## **11.5 Kindergarten's birthday**

But even things can have birthdays because since they were created, the earth has gone round after round around the sun. Thus, Sælukot Kindergarten also has a birthday and all the years it has been in existence children have been playing in it, laughing and crying a little and growing and learning to swing and slide on the slide and go down to the shore and sing Baba Nam Kevalam in the morning circle and become the best friends in the world.

Sælukot's Kindergarten's birthday is usually compared to when it started its activities in its first building at Porragata 1 in 1984.

The children participate in preparations for the kindergarten's birthday, but the program for the occasion of the birthday can cover more than one day.

## **11.6 Some other days**

It is worth looking over the schedule of the kindergarten in the future and see if there is perhaps room for a change from what is predetermined in the schedule. It can involve all the children of the kindergarten or part of them. This is a good opportunity to discuss ideas with the children, even the youngest ones. Planning a special day for them will of course take into account their age and ability, but young children still have the ability to think ahead about simple things they look forward to.

Það getur verið það sem gert verður daginn eftir, en kannski fremur það sem gert verður þennan dag eða bara hér og nú. Slík áform þurfa ekki að vera alfrumleg heldur geta kennarar komið sér upp ýmissi mótaðri tilbreytingu í degi barnanna og gripið til einhverrar hennar við tækifæri.

Allir þekkja hvað börn eru viljug að breyta til um stað, fara eitthvað. Jafnvel hringferð með strætó getur verið þeim mikið ævintýri. Fjöruferðir hafa frá upphafi verið tilbreyting í dag barnanna á Leikskólanum Sælukoti og gönguferð upp í ásinn fyrir norðan leikskólann sömuleiðis. Eins getur verið tilbreyting að því að helga daginn komu farfugls eða farfugla og auðvitað er hrafninn ætíð til staðar og viljugur til skrafs og ráðagerða, sérstaklega um vetur ef eitthvað gott í gogginn er í boði.

Inni við má gera daginn öðruvísi með því að tileinka honum lit eða hljóð eða framkomu eða fimm mínútna þögn klukkan 14.10 – 14.15.

## 12. Skyldur og réttindi kennara

Skyldur kennara helgast af velferð barnanna í leikskólanum. Þetta er vissulega dálítið viðkvæm og vand með farin meginregla. Hún þýðir til dæmis, að þótt kennari eigi ótvíræðan rétt á t.d. kaffihléi, þá má hann ekki taka sér það ef það setur öryggi barns eða barna í hættu. Á hinn bóginn má auðvitað ekki brjóta á rétti kennara á kaffihléi í skjóli þessarar meginreglu. Hendi það að kennari verði af kaffihléi vegna öryggis barns eða barna, þá er það klárt tilefni til að skipulagi eða fyrirkomulagi verði breytt svo að slíkt endurtaki sig ekki. Barn eða börn séu ekki látin gjalda þess heldur ræði kennarar vandann á viðeigandi vettvangi við samstarfsfólk sitt og stjórnendur.

Skyldur kennara eru sem sagt við börnin fyrst og fremst og hvert og einstakt barn þar með. Það er reyndar það sem kennarar og allir sem annast börn taka sem sjálfsgöðum hlut, en á þessu eru áhugaverðar hliðar. Ein er sú, að jafn sjálfsgagt og það er að mismuna ekki börnum og gera ekki upp á milli þeirra vegna einhverra meðfæddra einkenna eða áunninna sem þau eiga ekki þátt í að skapa sér sjálf, þá er það ekki hlutverk kennara eða leikskólans alls að innleiða hjá börnunum einhverja staðlaða sjálfssömun fyrir alla. Þannig gerir kennari ekki upp á milli barnanna eftir kyni þeirra, en það þýðir ekki að hann neyti barni um að vera „strákur“ eða „stelpa“.

Börnum er lífsnauðsyn á sjálfi sínu í allri athöfn og tjáningu. Það sjálf er ekki á þeirra ábyrgð og enginn hefur rétt á að ræna þau því eða gera lítið úr því. Það sem kennarar geta gert og eiga að gera, er að stuðla að því að sjálf barnsins þroskist og styðjist ekki lengur við afmarkaða kennd á borð við að vera „strákur“ eða „stelpa“ í einhverjum afmörkuðum skilningi um hlutverk kynja, heldur vaxi út yfir slíkan takmarkaðan sjálfsskilning og skilning á öðrum þar með.

Leikskólinn Sælukot rækir þá skyldu við börnin með því að efla með þeim alheimslega sjálfsvitund og ást og virðingu fyrir öllu sem er. Ekki með því að gera lítið úr, bæla eða niðurlægja börn vegna tímabundinna einhverrar „stráka-“ eða „stelpulegrar“ framkomu þeirra og tjáningar. Barn má í Leikskólanum Sælukoti tjá þá vissu sína að pabbi þess sé

It can be what will be done the next day, but maybe rather what will be done this day or just here and now. Such plans do not have to be completely original, but teachers can come up with various shaped changes in the children's day and resort to one of them on occasion.

Everyone knows how willing children are to change places, go somewhere. Even a round trip by bus can be a great adventure for them. From the beginning, beach trips have been a change in the children's day at the Sælukoti Kindergarten, and a walk up to the cliffs north of the kindergarten as well. There can also be a change to dedicating the day to the arrival of a migratory bird or birds, and of course the raven is always there and willing to play tricks and tricks, especially in winter if something good for the beak is available.

Inni wood you can make the day different by dedicating it to a color or a sound or a demeanor or five minutes of silence at 14.10 - 14.15.

## **12. Employees' duties and rights**

The duties of teachers are sanctified by the well-being of the children in the kindergarten. This is certainly a bit sensitive and a problem with the principle. It means, for example, that although a teacher has an unquestionable right to, for example, a coffee break, he must not take it if it puts the safety of a child or children at risk. On the other hand, the right of a teacher during a coffee break cannot, of course, be violated under the guise of this principle. If it happens that a teacher has to skip a coffee break due to the safety of a child or children, then it is a clear reason to change the organisation or arrangements so that this does not happen again. The child or children should not be made to pay for it, but teachers should discuss the problem in an appropriate forum with their colleagues and administrators.

Teachers' duties are primarily to the children, and therefore to each individual child. It's actually what teachers and everyone who cares for children take for granted, but there are interesting aspects to this. One is that, as obvious as it is not to discriminate against children and not to discriminate between them because of some innate or acquired characteristics that they have no part in creating themselves, it is not the role of the teacher or the kindergarten at all to implement in the children some standard self-identification for everyone. In this way, a teacher does not distinguish between the children according to their gender, but that does not mean that he forces a child not to be a 'boy' or a 'girl'.

Children need their ego in every activity and expression. That ego is not their responsibility and no one has the right to rob them of it or make light of it. What teachers can do and should do is to help the child's self develop and no longer rely on limited identities such as being a 'boy' or a 'girl' in some limited sense of gender roles, but grows beyond such limited self-understanding and understanding of others thereby.

The Sælukot Kindergarten fulfills that duty to the children by fostering with them universal self-awareness and love and respect for everything. Not by belittling, suppressing or humiliating children because of their temporary 'boyish' or 'girly' behavior and expression. At the Sælukoti Kindergarten, a child can express his or her certainty that his or her father is

ofursterkt karlmenni í björgunarsveit og mamma þess baki bestu smákökur í heimi án þess að sáð sé um það efasemdum í huga þess. Á þessum grunni mun það sækja fram í lífi sínu og á meðan það þarfnast þessarar hugmyndar um foreldra sína þá þjónar það ekki velferð þess að hún sé tekin frá því. Leikskólinn mun hins vegar slá fleirum og styrkari stoðum undir sjálfsvitund barnsins og þá mun það af sjálfu sér hætta að styðjast við staðalímyndir í sjálfsvitund sinni heldur styðjast við sitt alheimslega sjálf á þeirri þroskabraut sinni sem gerir það að sjálfstæðri manneskju.

### **12.1 Trúnaður og þagnarskylda**

Það sem gerist í lífi barnanna og kennara á leikskólanum er trúnaðarmál. Foreldrar eiga að sjálfsögðu rétt á upplýsingum um börn sín og leikskólanum ber skylda til að hafa frumkvæði að því að upplýsa þá til dæmis ef barn meiðist. Eins um allt sem kann að varða velferð þess, auk þess sem þeir skulu halda foreldrum upplýstum um barnið almennt. Það geri þeir tilfallandi en líka vel undir búnir í foreldraviðtölum. Þessi trúnaður gildir líka eftir starfslok og útskrift barnanna.

Atvik sem varða velferð barna samkvæmt 13. grein barnaverndarlaga ber að tilkynna til barnaverndar.

### **12.2 Veikindi**

Veikindafjarvistir þarf að tilkynna daglega áður en starfstími kennara hefst þann dag. Eðlilegt er að leikskólastjóri eða aðrir í umboði hans grennslit fyrir um fjarvist starfsmanns með símtali eða öðrum viðurkenndum leiðum hafi hann ekki látið vita af sér.

Ef um langtímaveikindi er að ræða skilar starfsmaður inn vottorði frá lækni um hvenær hann sé álitinn fær um að hefja starf að nýju. Beri veikindi starfsmanna að í sumarfrí hans lætur hann leikskólastjóra eða aðra í umboði hans vita og framvísar læknisvottorði um þau veikindi sín að sumarfrí loknu.

### **12.3 Kaffihlé**

Í fullu starfi eiga starfsmenn rétt á 48 mínútum í kaffihléum daglega. Þau skiptast í tvennt; 24 mínútur á umsömdum tíma hvern dag og 24 mínútur uppsafnaðar (í allt að 6 mánuði) sem starfamenn geta ráðstafað á umsömdum tíma.

Starfsmenn í minna en fullu starfi fá kaffihlé í samræmi við starfshlutfall sitt.

Kaffihlé geta verið á breytilegum tímum dagsins, því að þau þarf að aðlagga að hverjum degi fyrir sig. Hver kennari hafi í huga að aðrir kennarar treysta því, vegna síns kaffihlés, að hann taki ekki of langt kaffihlé.

a super strong man in a rescue team and his mother bakes the best cookies in the world without any doubt being planted in his or her mind. On this foundation the child will advance a super strong man in a rescue team and his mother bakes the best cookies in the world without any doubt being planted in his or her mind. On this foundation the child will advance in life, and while he or she needs this idea of his or her parents, it does not serve his or her well-being to be taken away from it. Kindergarten, however, will lay more and stronger foundations for the child's self-awareness, and then he or she will automatically stop relying on stereotypes in his or her self-awareness, but instead rely on his or her universal self on the path of development that makes him or her an independent person.

### **12.1 Confidentiality**

What happens in the lives of the children and teachers at the kindergarten is confidential. Parents have the right, of course, to information about their children, and the kindergarten has an obligation to take the initiative to inform them, for example, if a child is injured. As well as everything that may concern the child's well-being, in addition to keeping the parents informed about the child in general. Teachers do so casually but also well prepared in parent interviews. This confidentiality also applies after the retirement and graduation of the children.

Incidents concerning the welfare of children according to Article 13 of the Child Protection Act must be reported to child protection.

### **12.2 Illness**

Illness absences of teachers must be reported daily before the teacher's working hours begin that day. It is normal for the kindergarten principal or others on his authority to notify the absence of an employee by phone or other approved means if he has not notified them.

In the case of a long-term illness, the employee submits a certificate from a doctor stating when he is considered able to resume work. If an employee falls ill during his summer vacation, he informs the kindergarten principal or others on his behalf and presents a medical certificate about his illness at the end of the summer vacation.

### **12.3 Coffee breaks**

Full-time employees are entitled to 48 minutes of coffee breaks daily. They are divided into two; 24 minutes at the agreed time each day and 24 minutes cumulative (up to 6 months) which employees can allocate within an agreed time. Employees working less than full-time receive a coffee break in accordance with their employment rate.

Coffee breaks can be at different times of the day, because they have to be adapted to each day individually. Each teacher should keep in mind that other teachers trust that, because of his coffee break, he will not take too long a coffee break.

#### **12.4 Sumarfrí og önnur frí starfsmanna**

Sumarlokun er í Leikskólanum Sælukoti í 4 vikur í júlí og ágúst. Þá eru kennarar í sumarfrí. Aðrir sumarfrisdagar, ef einhverjir eru, eru teknir í samráði við rekstrarstjóra, Dídí.

#### **12.5 Trúnaðarmenn**

Starfsmenn eiga sér trúnaðarmann í fulltrúa einhvers þess stéttarfélags sem þeir eru félagar í hann er í. Helsta hlutverk trúnaðarmanns er lögum samkvæmt að gæta þess að vinnuveitandi og fulltrúar hans haldi kjarasamning og að réttur starfsmanna sé í hvívetna virtur, einkum um orlof, vinnuvernd, öryggi og hollustuhætti. Starfsmenn skulu kynna sér lögín sem er að finna á eftirfarandi slóð: <http://www.althingi.is/lagas/137/1986094.html>

#### **12.6 Notkun síma í vinnutíma**

Inni á hverri stofu er sími til afnota fyrir kennara vegna vinnu hans. Þegar kennarar eiga von á mikilvægu einkasímtali, t.d. frá lækni, er þeim líka velkomið að hafa eigin farsíma hjá sér í vinnunni. Annars eru þeir vinsamlega beðnir um að skilja þá við sig, til dæmis á kaffistofunni.

#### **12.7 Undirbúningstímar**

Leikskólakennarar með leyfisbréf er samkvæmt kjarasamningum úthlutað að lágmarki 7 undirbúningstímum á viku. Þessir tímar eru hluti af dagvinnuviku þeirra. Aðrir kennarar þurfa vissulega tíma til undirbúnings líka. Þess vegna er gott að allir starfsmenn séu samhuga um að vinna þannig saman og hver fyrir annan að skapist svigrúm til nauðsynlegra hléa frá erli dagsins, að þeir geti tekið sín kaffihlé, en líka sinnt undirbúningi fyrir starfið framundan.

Verkefni kennara í undirbúningstímum fer eftir því hvaða verkefnum þeir bera ábyrgð á. Tíminn nýtist vitaskuld í forgangi til að undirbúa komandi samveru kennarans með börnunum, það sem kennarinn ætlar að gera með barnahópnum sínum framundan. Það getur tekið til frágangs á starfsstöð hans, skólastofunni, fyrir næsta dag, til að hafa til reiðu efni og aðföng fyrir samverustundir næsta dags eða daga, til samráðs við samstarfsmann eða -menn um leik barnanna og nám framundan, líðan og hag einstakra barna í hópnum og leiðir til framfara fyrir þau og fyrir hópinn í heild.

Undirbúningstíminn getur auk þessa nýst til að vinna að, sem kalla má, ytri verkefnum í leikskólastarfinu, svo sem skólanámskrá og starfsáætlunum, náms- og stöðumati og skráningu upplýsinga um börnin. Eins til að sinna ýmsum stjórnunar- og skipulagsmálum, samskiptum við foreldra og fagaðila utan leikskólans, upplýsingagjöf á heimasíðu, þjálfunar nýrra kennara, til foreldraviðtala, atferlisathugana og samvinnu og stuðnings við aðra kennara.

**Undirbúningstímann má svo sannarlega líka nýta í starfstengt nám kennaranna.**

## **12.4 Summer holidays and other staff holidays**

Summer closure is at the Sælukoti Kindergarten for 4 weeks in July and August. Then teachers are on summer vacation. Other summer vacation days, if there are any, are taken in consultation with the kindergarten manager, Didi.

## **12.5 Trustees**

In the Kindergarten of Sælukot, the employees have a union's representative, a trustee, of the union they belong to. According to the law, the main role of a trustee is to ensure that the employer and its representatives keep a collective agreement and that the rights of the employees are respected in all respects, especially regarding holidays, occupational health and safety, safety and hygiene. Employees must familiarize themselves with the law, which can be found at the following address: <http://www.althingi.is/lagas/137/1986094.html>

## **12.6 Using telephones during working hours**

Inside each classroom there is a telephone for use by teachers due to their work. When teachers expect an important private call, for example from a doctor, they are also welcome to have their own mobile phone with them at work. Otherwise, they are kindly asked to separate them, for example in the cafeteria.

## **12.7 Preparation hours**

Kindergarten teachers with a license are assigned a minimum of 7 preparatory hours per week according to collective agreements. These hours are part of their working week. Other teachers certainly need time to prepare as well. That's why it's good for all employees to agree to work together in a way to create space for each other to take necessary breaks from the hustle and bustle of the day, so that they can take their coffee breaks, but also prepare for the work ahead.

Teachers' tasks in preparation classes depend on the tasks they are responsible for. The time should be used as a priority to prepare the teacher's upcoming meeting with the children, what the teacher plans to do with his group of children in the future. It can include finishing his place of work, the classroom, for the next day, to have materials and supplies ready for the next day or days, to consult with a colleague or colleagues about the children's play and studies ahead, the well-being and well-being of individual children in the group and ways to progress for them and for the group as a whole.

In addition to this, the preparation time can be used to work on, what can be called, external projects in the preschool work, such as school curriculum and work plans, learning and status assessment and recording information about the children. As well as handling various administrative and organizational matters, communication with parents and professionals outside the kindergarten, providing information on the website, training new teachers, for parent interviews, behavioral observations and cooperation and support with other teachers.

**The preparation time can indeed be used for a work-related studies of the teachers.**

## 12.8 Kennarafundir

Fastir almennir kennarafundir eru á skipulagsdögum, en þess utan eru fundir með kennurum deilda eftir þörfum. Deildarstjórar ásamt sérkennslustjórum halda vikulega fund með stjórnendum leikskólans.

## 12.9 Verkaskipting og ábyrgð kennara

Jafn þýðingarmikið og það er að hafa skýra verkaskiptingu á milli kennara, þá er lifandi samvinna þeirra ekki síður mikilvæg. Leikskólastarfið er þess eðlis, að allir kennarar verða að vinna hver fyrir annan og hjálpast að. Hver kennari verður þó að vita hvaða verkefnum hann ber ábyrgð á og geti hann ekki fyllilega sinnt þeim vegna verkefna sem annar eða aðrir kennarar bera ábyrgð á, þá þarf að skoða hvað þar er að verki og lagfæra það. Allir kennarar eiga að geta sinnt því heils hugar sem þeir bera ábyrgð á, en á sama tíma verða þeir að hafa í huga, að þeir eru allir skuldbundnir börnunum um velferð þeirra. Það þýðir að hver gerir það sem þarf að gera hér og nú, ekki síst þegar um öryggi barna og líðan þeirra er að ræða. Ef kennarar verða að vanrækja þau verk sem þeir bera ábyrgð á vegna slíkra tilfallandi atvika endurtekið, þá er það tilefni til að skoða skipulagið.

Leikskólastjóri stýrir daglegri starfsemi leikskólans beint eða með úthlutun hlutverka og ábyrgðar. Kennarar skulu virða þessi starfshlutverk starfsfélaga sinna.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á að leikskólinn starfi að lögum og gildandi reglugerðum. Auk þess er hann, innan þeirra laga og reglugerða, skuldbundinn vinnuveitanda sínum, rekstraraðilum leikskólans, til að vinna í starfi sínu að þeirri menntastefnu Ný-húmanisma sem Leikskólinn Sælukot starfar yfirlýst eftir.

Starfandi fulltrúi rekstraraðila leikskólans og framkvæmdastjóri hans, Dídí, ber ábyrgð á húsakosti og annarri ytri aðstöðu fyrir leikskólastarfið, sér um aðföng og ræður starfsfólk til leikskólans og ber ábyrgð á mannauðsstefnu hans. Dídí ber sömuleiðis ábyrgð á því að leikskólinn framfylgi í starfsemi sinni þeirri ný-húmanísku menntastefnu sem hann er skuldbundinn til gagnvart aðstandendum sínum, foreldrum barnanna sem trúað hafa honum fyrir menntun þeirra og gagnvart sveitarfélaginu Reykjavíkurborg, sem gert hefur þjónustusamninga við leikskólann á grundvelli þeirrar stefnu borgarinnar að hafa sem fjölbreyttasta leikskóla fyrir foreldra að velja um fyrir börn sín.

Kennarar vinna að velferð barnanna, vellíðan þeirra, þroska og menntun. Það gera þeir með því að vinna eftir námskrá leikskólans, starfsáætlunum, skipulagi og í góðu samstarfi við annað starfsfólk. Það gera þeir fyrst og síðast með góðum persónulegum samskiptum sínum við börnin í leikskólanum.



## **12.8 Teacher meetings**

Regular general teacher meetings are held on planning days, but there are also meetings with faculty teachers as needed. Heads of department come together with special education directors in weekly meeting with the kindergarten administrators.

## **12.9 Division of work and teachers' responsibilities**

As important as it is to have a clear division of work between teachers, their active collaboration is no less important. Kindergarten work is such that all teachers must work for each other and help each other. However, each teacher must know which tasks he is responsible for and if he cannot fully perform them because of tasks that another teacher or other teachers are responsible for, then it is necessary to look at what is going on and fix it. All teachers should be able to do what they are responsible for wholeheartedly, but at the same time they must remember that they are all committed to the children for their well-being. It means that everyone does what needs to be done here and now, not least when it comes to children's safety and well-being. If teachers have to neglect the work they are responsible for because of such random incidents repeatedly, then it is a reason to look at the organization.

The kindergarten principal directs the day-to-day activities of the preschool directly or by assigning roles and responsibilities. Teachers must respect these professional roles of their colleagues.

The kindergarten principal is responsible for the kindergarten operating in accordance with the law and applicable regulations. In addition, within those laws and regulations, he is obliged to his employer, the operators of the kindergarten, to implement in his work the Neo Humanist education policy by which the Sælukot Kindergarten operates.

The acting representative of the preschool's operators and its manager, Dídí, is responsible for the housing and other external facilities for the preschool activities, takes care of supplies and hires staff for the preschool and is responsible for its human resources policy. Dídí is also responsible for ensuring that the kindergarten implements the Neo-Humanistic educational policy in its activities to which it is committed towards its relatives, the parents of the children who have trusted it with their education and towards the municipality of Reykjavík, which has entered into service contracts with the kindergarten based on that policy of the city to have the widest possible range of kindergartens for parents to choose from for their children.

Teachers work for the welfare of the children, their well-being, development and education. They do that by working according to the kindergarten's curriculum, work plans, organisation and in good cooperation with other employees. They do that first and last through their good personal relationships with the children in the kindergarten.

### 12.9.1 Minnisblað um nokkur dagleg verkefni

#### Yfir daginn:

1. Sópa, eftir þörfum, eftir komu barnanna úr útivist;
2. setja dót, efni og áhöld á sinn stað eftir notkun;
3. skipta út leikföngum og efni (gæta þess að vera ekki með of mikið í umferð í einu;
4. setja bækur á sinn stað, hillu eða bókakassa; þurrka af í hillum;
5. þurrka af stólum og borðum (með sápuvatni, gá sérstaklega undir borðröndina!);
6. fara yfir bleyjustöðu og stöðu annarra aðfanga:
7. undirbúa sig t.d. fyrir samverustundir, lesa og fræðast.

#### Í lok dags:

1. athuga hvort ekki sé búið að skrá öll börn út;
2. athuga hvort ekki sé búið að setja upp stóla í öllum stofum;
3. loka öllum gluggum;
4. slökkva öll ljós;
5. læsa öllum útgönguleiðum;
6. setja öryggiskerfin á.

### 12.10 Þrif í leikskólanum

Húsnæði leikskólans er ræst á hverjum degi af ræstitæknum sem til þess eru ráðnir.

Eins og áður er getið skyldu kennarar gaumgæfa til hvers þau þrif taka og hvað sé í þeirra höndum að þrifa.

Um eldhúsið gildir það sama, matráður sér um þau þrif sem ekki tilheyra ræstitæknunum.

### 12.11 Starfsmannaviðtal

Kennarar skyldu aldrei hika við að ræða það sem þeim býr í brjósti um starf sitt eða starfsemi leikskólans við forráðamenn hans. Leikskólastjóri og framkvæmdastjóri leikskólans eru ætíð reiðubúnir að hlusta á og ræða við kennara um hugðarefni þeirra. Sérstaklega er þýðingarmikið að allt sem kennarar telja að þurfi úrbóta við sé rætt strax.

Það þarf ekki að taka það fram, að kennarar ættu að reyna eftir megni að vera málefnalegir í framsetningu og lausnamiðaðir í hugsun. Forráðamenn skyldu á móti hafa að markmiði að greina kjarnann í máli kennarans, en ekki dæma það eftir því hvernig kennaranum tekst að setja það fram. Um þetta gildir að sumt getur verið mikið tilfinningamál fyrir kennara og stundum geta vandamál hafa beðið of lengi úrlausnar og því orðið fyrirferðameiri í hugsun og tali kennara en ástæða er til miðað við þær leiðir sem eru til lausnar á þeim. Fyrir utan tilfallandi samtöl kennara við leikskólastjóra og framkvæmdastjóra, Dídí, þá eiga kennarar (og aðrir starfsmenn) viðtal við þá einu sinni á ári, minnst, um líðan og hag kennarans í starfi hans. Þar gefst kennaranum færi á að ræða hugðarefni sín í starfinu og áform. Viðmælandi hans skyldi hafa í huga að þetta er stund kennarans til að tala sínu máli og þess vegna hlusta vel eftir og hjálpa kennaranum til að tjá hugmyndir sínar og skoðanir eftir bestu getu. Gera ráð fyrir að kennarinn vilji vaxa í starfi sínu og gera það árangursríkt og gefandi.

## **12.9 1 Memorandum about some daily tasks**

### **During the day:**

1. Sweep, as needed, after the children return from outdoor activities;
2. put things, materials and utensils in their place after use;
3. replace toys and materials (be careful not to have too much in circulation at once);
4. put books in their place, shelves or bookcases; wipe down shelves;
5. wipe chairs and tables (with soapy water, pay special attention to the edge of the table! );
6. review the status of diapers and the status of other resources:
7. prepare, for example, for time together, read and learn.

### **At the end of the day:**

1. check if all children have not been checked out;
2. check if chairs have not been set up in all living rooms;
3. close all windows;
4. turn off all lights;
5. lock all exits;
6. set up the security systems.

## **12.10 Cleaning in the kindergarten**

The premises of the kindergarten are cleaned every day by the cleaning technicians employed for this purpose. As mentioned before, teachers should pay attention to what these employees are cleaning and what is in their own hands to clean. The same applies to the kitchen, the cook takes care of the cleaning that does not belong to the cleaners.

## **12.11 Employee interviews**

Teachers should never hesitate to discuss what is on their mind about their work or the kindergarten's activities with their guardians. The kindergarten principal and the kindergarten manager are always ready to listen to and talk to teachers about their concerns. It is especially important that anything that teachers think needs improvement is discussed immediately.

It goes without saying that teachers should try their best to be objective in their presentation and solution-oriented in their thinking. Guardians, on the other hand, should aim to analyse the essence of the teacher's case, but not judge it based on how the teacher succeeds in presenting it. Regarding this, it is true that some things can be very emotional for teachers and sometimes problems can wait too long to be solved and therefore become more complex in the teacher's mind and speech than there is reason to be compared to the ways that are available for solving them. Besides occasional conversations between the teachers and the principal and the manager, Didí, the teachers (and other employees) have an interview with them at least once a year about the teacher's well-being and benefit in his work. The teachers gets the opportunity to discuss his concerns in the work and his plans. His interlocutors should keep in mind that this is the teachers's time to speak his mind and therefore listen carefully and help him to express his ideas and opinions to the best of his ability. Assume that the teachers wants to grow in his work and make it effective and rewarding.

Í viðtalinu kann viðkvæma hluti að bera á góma og því er mikilvægt að kennarinn finni að viðtalinu er ætlað að stuðla að framförum og úrbótum í starfi hans samhliða bættum hag hans sem því fylgja.

Það þýðir að viðmælandi kennarans skal nálgast efnið með uppbyggilegum hætti. Kennarinn er í þessu starfi sínu vegna þess að forráðamenn leikskólans hafa trú á honum og sú trú byggir á styrkleikum kennarans og vilja hans og getu til að vaxa og dafna í starfinu. Þessa styrkleika skyldi viðmælandi kennarans hafa í huga og gera að umræðuefni. Á þeim grunni er síðan hægt að ræða um úrbætur og framfarir í starfi kennarans, leiðir til þeirra og þá umbun í kjörum hans og stöðu sem þær og núuverandi frammistaða hans verðskulda.

### **12.12 Þjálfun og fræðsla**

Kennarar eiga lögum samkvæmt rétt á að menntast til starfs síns samhliða starfi sínu. Leikskólinn Sælukot hefur mótað heildstæða áætlun um menntun og framgang kennara sinna með sérstakri áherslu á þær skuldbindingar sem leikskólinn hefur gengist undir um að efla ný-húmaníska menntastefnu sína í verki. Í framkvæmdinni tekur þessi áætlun sérstakt mið af hlut orðlægra samskipta kennara og barna, með það að markmiði að efla getu jafnt íslenskumælandi kennara og hinna sem ekki hafa íslensku að móðurmáli til að eiga í orðlægum samskiptum við börnin í öllum aðstæðum og við öll tækifæri í lífi barnanna á leikskólanum.

Eftir sem áður eru kennarar hvattir til að sækja sér símenntun eftir föngum. Hér er vert að minna á námsstyrki sem stéttarfélög þeirra veita.

### **12.13 Skyndihjálparnámskeið**

Kennarar leikskólans sækja minnst einu sinni á ári slysavarna- og skyndihjálparnámskeið.

### **12.14 Um matvæli sem kennarar taka með sér í leikskólann**

Matvæli sem kennarar hafa með sér í leikskólann skulu vera í senn vegan- og jógafæði eingöngu.

## **13. Tryggingar**

Leikskólinn Sælukot kaupir slysatryggingu fyrir börnin í leikskólanum og starfsmenn.

## **14. Einelti (sjá einnig í kaflanum um hópastarf)**

Engin manneskja fær frá öðrum fullkomnar móttökur við tilvist sinni og persónu. Við ættum kannski að undanskilja börn í móðurkviði og á brjósti mæðra sinna! En með aldri og þroska persónuleikans gerist það að aðrir bregðast við og koma fram við börn og fullorðna með sínum hætti og það er ekki ætíð eins og farsælast væri fyrir þann sem fyrir verður.

During the interview, sensitive things may be brought up, and it is therefore important that the teacher feels that the interview is intended to promote progress and improvements in his work, along with the resulting improvement in his well-being.

This means that the teacher's interlocutor must approach the matters of discussion constructively. The teacher is in his job because the kindergarten's guardians have faith in him, and that faith is based on the teacher's strengths and his will and ability to grow and prosper in the job. The teacher's interviewers should keep these strengths in mind and make them a topic of discussion. On that basis, it is then possible to discuss improvements and progress in the teacher's work, ways to achieve them and the rewards in terms of his conditions and status that these and his current performance deserve.

### **12.12 Training and education**

